

Júní 1989

V-SKAFTAFELLSSÝSLA

AUSTAN MÝRDALSSANDS

ATVINNULÍF OG BYGGÐAÞRÓUN



Byggðastofnun

EFNISYFIRLIT

síða


FORMÁLI	3
1 INNGANGUR	5
2 SVÆÐISLÝSING	7
3 MANNFJÖLDI	9
4 LANDBÚNAÐUR	15
5 OPINBER STARFSEMI	37
6 STARFSEMI SVEITARFÉLAGA	49
7 ÝMIS STARFSEMI	55
8 ORKUMÁL	67
9 HAGNÝT JARÐEFNI	71
10 SAMGÖNGUR	73
11 LANDGRÆÐSLA	77
12 NÁTTÚRUVERNND	79
13 ÝMISLEGT	81
14 HELSTU NIÐURSTÖÐUR	85
15 LOKAORÐ	89

FORMÁLI

Tildrög að gerð skýrslunnar voru þau að í ágústmánuði 1987 óskaði þáverandi forsætisráðherra, Þorsteinn Pálsson, eftir því að Byggðastofnun gerði athugun á atvinnulífi í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafells- sýslu. Að athuguðu máli var ákveðið að skipta verkinu í 3 hluta eftir héruðum og að leitast við að fá heimamenn til starfa á vegum stofnunarinnar fyrir hvern hluta þess. Starfsáætlun Byggðastofnunar, sem gerði ráð fyrir þessu fyrirkomulagi, var samþykkt af stjórn stofnunarinnar 16. febrúar 1988. Þegar Byggðastofnun gafst kostur á að fá Árna Jón Elíasson á Kirkjubæjarklaustri til að annast úttekt á Vestur-Skaftafellssýslu austan Mýrdalssands var hann ráðinn til verksins og var úttektin að mestu unnin af honum, en aðstoð veittu starfsmenn Byggðastofnunar, einkum Guðmundur Guðmundsson land-fræðingur. Yfirumsjón með verkefninu hafði Sigurður Guðmundsson forstöðumaður Þróunarsviðs stofnunarinnar.

Heimildasöfnun hófst lítillega vorið 1988, en ekki að marki fyrr en í upphafi vetrar sama ár. Úrvinnsla heimilda og ritun var unnin í nokkrum áföngum frá nóvember 1988 og fram á útgáfudag.

Vestur-Skaftafellssýsla austan Mýrdalssands




1 INNGANGUR

Eftirfarandi skýrsla fjallar um atvinnumál í nútíð og framtíð í Vestur-Skaftafellssýslu austan Mýrdalssands. Skýrslan er fyrst og fremst úttekt á atvinnulífi svæðisins eins og það er í dag, en jafnframt er reynt að spá í líklega þróun allra næstu ára. Reynt er að beina athyglinni að þeim greinum atvinnulífsins sem mesta framtíð eru taldar eiga fyrir sér á svæðinu. Settar eru fram tillögur um aðgerðir sem líklegar eru taldar til að verða atvinnulífi til framdráttar.

Tillögurnar eru hugsaðar sem umræðugrundvöllur forráðamanna svæðisins og annarra aðila við að semja áætlun í atvinnumálum.

ELDSVEITIRNAR

JARÐFRÆÐI



2 SVÆDISLÝSING

Svæði það sem til umfjöllunar er í skýrslu þessari er V-Skaftafellssýsla austan Mýrdalshrepps og markast það af hreppamörkum Mýrdals- og Álftavershreppa á Mýrdalssandi í vestri og sýslumörkum á Skeiðarásandi í austri (mynd 1). Nánar til tekið er um að ræða eftirtalin 5 sveitarfélög: Hörgslandshrepp, Kirkjubæjarhrepp, Leiðvallarhrepp (í daglegu tali Meðalland), Skaftártunguhrepp (í daglegu tali Skaftártunga) og Álftavershrepp (í daglegu tali Álftaver). Í daglegu tali greinist Hörgslandshreppur í 3 sveitir. Fljótshverfi er svæðið austan Hverfisþjóts og Brunasandur er byggðin niður undan eystri meginstraum Skaftáreldahraunsins. Vestasti hluti Hörgslandshrepps deilir í daglegu tali nafni með efri hluta Kirkjubæjarhrepps og nefnist Síða. Kirkjubæjarhreppur sunnan Skaftár er í daglegu tali nefndur Landbrot.

Í heildina nær svæðið, að jöklum undanskildum, yfir um 4.500 km² lands, sem er um 5% af jökullausa hluta landsins. Um 2.500 km² teljast heimalönd en afgangurinn, um 2.000 km², telst til afrétta.

Berggrunnur svæðisins tilheyrir að mestu eldri og yngri grágrýtismyndun, en hraun, runnin á forsögulegum og sögulegum tíma, hylja veruleg svæði, t.d. hylur Skaftáreldahraunið frá 1783 samtals 565 km² lands (mynd 2). Að öðru leyti einkennist svæðið af miklum söndum þar sem á yfirborði er ýmist vatnaset, aurar eða foksandur. Mýrar hylja stór svæði í Álftaveri, Meðallandi og undir Síðufjöllum austanverðum. Að öðru leyti er móajarðvegur ríkjandi í byggð og á heiðum ofan byggðarinnar en innar á afréttum er jarðvegur mjög takmarkaður og gróður þar með af skornum skammti.

Gróðurlendi á svæðinu er víða gjöfult en hefur í aldanna rás átt svæðis- og tímabundið í vök að verjast, meðal annars vegna eldgosa, sandfoks, ágangs fallvatna og beitar. Samkvæmt gróþegum mælingum RALA, byggðum á gervitunglamyndum frá áttunda áratugnum, telst um 40% heimalanda og um 35% afrétta vera land með gróðri.

Vatnakerfi svæðisins hefur afrennsli til sjávar um stórvötn, svo sem Kúðafljót, Skaftá, Eldvatn, Hvalsíki og Nýjaós. Að hluta til er hér um að ræða afrennsli af Mýrdalsjökli í vestri og Vatnajökli í norðri.

Veðurfar á svæðinu er milt miðað við aðra landshluta. Meðalhiti er tiltölulega hár og stórvíðri fátíð en úrkoma er hins vegar mikil, einkum að sumri.

Búsetuskilyrði á svæðinu hafa gegnum aldirnar verið fremur erfið, einkum vegna mjög erfiðra samgangna. Þrátt fyrir miklar samgöngubætur síðustu áratugi eru samgöngumöguleikar enn einhæfir og standa vexti byggðar fyrir þrífum.

Búseta byggir fyrst og fremst á hefðbundnum landbúnaði en á Kirkjubæjarklaustri er all nokkurt þéttbýli, sem byggir fyrst og fremst á ýmis konar þjónustu. Þar bjuggu 147 íbúar 1. desember 1988.

Svæðalýsing

Helstu heimildir:

Ýmis kort af svæðinu, svo sem jarðfræðikort, jarðvegskort og almenn landslagskort frá Landmælingum Íslands. Gögn frá Veðurstofu Íslands.

Íbúaskrá Hagstofu Íslands.


Skriflegar og munnlegar upplýsingar frá starfsm. RALA (Ingvi Þorsteinsson o.þ.).

3 MANNFJÖLDI

Íbúafjöldi

Hinn 1. desember 1988 bjó samtals 661 íbúi á svæðinu (tæp 0,3% af heildaríbúafjölda landsins), en það er rúmur helmingur af öllum íbúum V-Skaftafellssýslu, einni af fámennustu sýslum landsins. Frá stríðslokum hefur íbúum fækkað nær jafnt og þétt um fimmtung þó að fækkunin hafi vissulega verið örust frá 1945-1960 (mynd 3). Ekki er hægt að segja að um nokkur raunveruleg vaxtarskeið hafi verið að ræða á tímabilinu í heild. Eitt og eitt ár sker sig að vísu úr með töluverða fjölgun en oftast í kjölfar annarra þegar íbúum hafði fækkað verulega. Þess háttar sveiflur geta því allt eins endurspeglad hvenær brottfluttir og aðfluttir hafa flutt lögheimili eins og að um raunverulega sveiflu íbúafjölda sé að ræða.


Mynd 3



Fækkun íbúa hefur verið í sveitahreppunum en í Kirkjubæjarhreppi hefur íbúum fjölgað nokkuð í þéttbýlinu (mynd 4). Samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands bjuggu 147 íbúar á Kirkjubæjarklaustri 1. desember 1988, eða rúm 22% af heildaríbúafjölda byggðarlagsins. Þéttbýlismyndun hófst að marki á Klaustri um 1970 og óx staðurinn mjög ört í fyrstu, einkum í tengslum við uppbyggingu og rekstur Kirkjubæjarskóla. Staðurinn hefur síðan vaxið í samræmi við þróun á sviði þjónustuuppbyggingar og má segja að þar hafi vegist á vaxandi kröfur og þarfir fyrir ýmsa þjónustu en á móti þróun í átt til fámennara þjónustusvæðis. Því hefur íbúaþróun undanfarin ár orðið með öðrum hætti en til dæmis á stöðum sem hafa stærri markaðssvæði eða möguleika í útgerð og fiskvinnslu.

Mannfjöldi
Mynd 4


Mannfjöldi í V-Skaft. austan Mýrdalssands 1971-1988



Aldursskipting og hlutfall kynja er verulega frábrugðin landsmeðaltali á þessu svæði. Taka verður tillit til að hér er um mjög fámenn svæði að ræða þó að vissulega þurfi að taka mið af þessum staðreyndum við skipulagningu heilbrigðis- og skólastofnana og dvalarheimila aldraðra. Þessir þættir hafa einnig umtalsverða þýðingu við mat á framtíð sveitabyggðarinnar.

Karlar eru töluvert þeirri en konur eða 366 á móti 295. Yngri árgangarnir eru hlutfallslega fámennir en þeir eldri mjög stórir. Einkum er áberandi hve fámennir aldurshópar 25-35 ára eru en fjöldi karla eldri en 55 ára er langt yfir landsmeðaltali. Aldursdreifing kvenna hefur svipuð einkenni, þó að þar sé ekki um eins afgerandi skiptingu að ræða (mynd 5). Tæp 19% allra íbúa svæðisins eru eldri en 67 ára. Í einstökum hreppum er þetta hlutfall hæst 32% í Leiðvallarhreppi og 22% í Hörgslandshreppi.

Mynd 5

Aldursskipting á Íslandi og í Vestur-Skaftafellssýslu
austan Mýrdalssands 1.1.1989

Eins og breytingar á mannfjölda og aldursskipting gefa til kynna hafa verið töluverðir flutningar til og frá þessu svæði. Á tímabilinu 1971-1987 fluttu 332 til svæðisins en 443 fluttu í burtu. Byggðarlagið hefur því tapað 111 íbúum til annarra hluta landsins á umræddu tímabili. Á þessu tímabili má segja að um samfelldan brottflutning hafi verið að ræða eins og tafla 1 ber með sér.

Mannfjöldi
Tafla 1

Innanlandsflutningar 1971-1988

Ár	Til	Frá	Mismunur	% af meðal- íbúatölu
1971	16	25	-9	-1,4%
1972	10	18	-8	-1,2%
1973	17	18	-1	-0,2%
1974	30	26	4	0,6%
1975	25	20	5	0,7%
1976	23	27	-4	-0,6%
1977	32	34	-2	-0,3%
1978	38	30	8	1,1%
1979	10	30	-20	-2,9%
1980	13	14	-1	-0,1%
1981	13	39	-26	-3,8%
1982	18	17	1	0,1%
1983	21	16	5	0,7%
1984	7	27	-20	-3,0%
1985	31	20	11	1,6%
1986	11	29	-18	-2,6%
1987	7	29	-22	-3,3%
1988	10	24	-14	-2,1%
Alls	332	443	-111	-16,4%

Á sama tímabili hafa hins vegar 11 þeirri íbúar flust til Klausturs en fluttu brott. Brotflutningur frá Klaustri hefur þó aukist á undanförunum 4-5 árum.


Stærstu straumar flutninga á svæðinu eru til og frá höfuðborgarsvæðinu en það er raunar einkenni á flutningum víðast hvar á landinu.

Atvinnulíf og mannfli

Ársverk á svæðinu voru 319 árið 1986 samkvæmt launamiðaskrá en það er sá grunnur sem skattayfirvöld fá uppgöfð frá aðilum vinnumarkaðarins og er notaður við skattlagningu. Líðlega helmingur ársverkanna er í landbúnaði en af öðrum greinum vega þjónustustörf þyngst eða um 19%. Breytingar á samsetningu atvinnugreina hafa ekki verið umtalsverðar á síðustu árum nema hvað störfum í iðnaði hefur fækkað en störfum við byggingar og verslunar- og þjónustustörfum fjölgað nokkuð. Skipting milli atvinnugreina er sýnd á mynd 6.

Mynd 6

SKIPTING MANNAFLA Á ATVINNUGREINAR Í
VESTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU AUSTAN
MÝRDALSSANDS ÁRIÐ 1986



Ársverk í landbúnaði eru lækkuð um 30%

Stærsti hluti annarra starfa en landbúnaðarstarfa er á Klaustri en í Kirkjubæjarhreppi voru skráð 100 ársverk við annað en landbúnað árið 1986.

Í launamiðaskrá koma einnig fram upplýsingar um tekjur. Þær gefa þó ekki nákvæman mælikvarða á kjör og afkomu í einstökum greinum þegar um svo fámenn byggðarlög er að ræða. Samkvæmt þeim voru tekjur á svæðinu 8% lakari en meðaltekjur í landinu á árinu 1986. Þegar tekjur í einstökum starfsgreinum eru skoðaðar kemur í ljós að svæðið er með ríðegar landsmeðaltekjur í landbúnaði. Í öðrum atvinnugreinum eru tekjur töluvert lakari en meðaltal í viðkomandi atvinnugrein.

Þannig má ætla að fremur lágur meðaltekjur stað annars vegar af atvinnusamsetningu, en landbúnaður er með lágur tekjur samkvæmt launamiðaskrá og vegur flungt á svæðinu. Hins vegar eru tekjur í öðrum greinum lægri en víða annars staðar, þar sem meiri umsvif og þensla hafa verið í athafnalífi.


Atvinnuleysi hefur lítið verið skráð í byggðarlaginu nema í Kirkjubæjar- hreppi, en þar hefur verið skráð töluvert atvinnuleysi allt frá árinu 1981 (mynd 7). Að undanskilinni sláturtíð að hausti hefur atvinnuleysi kvenna verið töluvert viðvarandi undanfarnin ár. Er þar einkum um að ræða aðeiningar af uppsögnum starfsfólks vegna lokunar á saumastofu, sem starfaði á Klaustri til ársins 1985, en einnig vegna niðurfellingar næturvakta á símsstöð staðarins árið 1986. Atvinnuleysi karla hefur verið minna og einkum bundið við vetrarmánuðina að sláturtíð lokinni. Yrpreitt hafa vörubílstjórar verið fjölmennastir í þokki atvinnulausra karlmanna. Í desember 1988 voru 5 konur skráðar atvinnulausar í Kirkjubæjarhreppi, þar af 3 verkakonur og 2 talsímaverðir. Atvinnulausir karlar voru 2, báðir verkamenn. Skráð

Mannfjöldi

atvinnuleysi í hinum hreppunum var í desember 1988 mikið miðað við það sem venjulega er en þá voru samtals 5 konur á atvinnuleysisskrá.

Mynd 7

Fjöldi atvinnulausra í Kirkjubæjarhreppi eftir mánuðum



Fyrir utan skráð atvinnuleysi er að öllum líkindum verulegt dulið atvinnuleysi í dreifbýlinu, sem marka má af samanburði mannaþa við fullvirðisrétt jarðanna (sjá nánar kaða um landbúnað).

Helstu heimildir:

Gagnabrunnur Bygðastofnunar.

Gögn um atvinnuleysi í Kirkjubæjarhreppi.


4 LANDBÚNAÐUR

Landbúnaður almennt

Aðalatvinnuvegur og meginundirstaða byggðar á svæðinu er hefðbundinn landbúnaður, það er að segja sauðfjár- og nautgriparækt. Jarðrækt, einkum kartöflu-, gulrófna- og kornrækt, er stunduð í fremur smáum stíl en aðrar búgreinar að mjög takmörkuðu leyti.

Samkvæmt jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins fyrir fardagaárið 1988-1989 eru jarðir á svæðinu í það heila 131 talsins. Þar af teljast 118 í ábúð. Skráðir ábúendur eru 155 og er meðalaldur þeirra rúm 55 ár. Einungis 12 eru undir 30 ára aldri en 46 (tæp 30%) eru eldri en 67 ára. Nokkrir skráðra ábúenda eru í reynd hættir búskap en yngri menn teknir við. Meðalaldur þeirra sem að búrekstri standa er því nokkru lægri en ofangreindar tölur gefa til kynna. Eins og sést á mynd 8 er meðalaldur ábúenda lang hæstur í Leiðvallarhreppi eða 62 ár en lægstur í Kirkjubæjarhreppi 48 ár.

Mynd 8



Í töflu 2 má sjá upplýsingar um ábúðarform og eignarhald jarða á svæðinu. Athyglisvert er hversu mismunandi hlutdeild ríkisjarða er milli hreppa, allt frá því að vera engin í Kirkjubæjarhreppi upp í nær 70% í Leiðvallarhreppi.

Landbúnaður
Tafla 2


Ábúðarform og eignarhald jarða í V-Skaft. austan Mýrdalssands.

Hreppar	Í ábúð	Ábúðarform		Eignarhald		Eyðijarðir Fjöldi
		Einb.	Fjölb.	Ábúendur o.p.	Ríki Aðrir	
Hörgslandshreppur	35	20	15	28	2 5	0
Kirkjubæjarhreppur	30	22	8	25	0 5	7
Skaftártunguhreppur	21	16	5	17	3 1	1
Leiðvallarhreppur	21	20	1	6	13 2	4
Álftavershreppur	11	7	4	5	6 0	1
Samtals	118	85	33	81	24 13	13

Af samtals 108 bújörðum, þar sem stundaður er hefðbundinn búskapur, er sauðfjárrækt eingöngu á 58 jörðum, nautgriparrækt eingöngu á 3 jörðum en blandaður búskapur á 47 jörðum (mynd 9 og 10).


Mynd 9

Búskaparform í V-Skaft. austan Mýrdalssands




Sé bústærð metin út frá fullvirðisrétti viðkomandi býla er meðalbústærð á svæðinu 349 ærgildi miðað við fjölda jarða en 294 sé miðað við fjölda einstaklinga sem skráðir eru fyrir fullvirðisrétti. Eins og nánar sést á mynd 11 eru mörg smábú með of lítinn fullvirðisrétt til þess að standa undir nútíma neysluháttum. 76% fullvirðisréttarhafa eru með undir 400 ærgildi, sem algengt er að tala um sem meðalbú. Ef miðað er við fjölda jarða eru 67% undir 400 ærgildum.

Mynd 10 Búrekstrarform



Mynd 11

Bústærð eftir fullvirðisrétti í V-Skaft. austan Mýrdalssands



Heildarfullvirðisréttur svæðisins er um 37.500 ærgildi, þar af um 27.000 í kindakjöti, og um 10.500 í mjólk. Er hér um að ræða sem næst 3% af heildarfullvirðisrétti á landinu öllu.

Búskaparskilyrði eru almennt góð á svæðinu. Veðurfar er hagstætt og ræktunarskilyrði eru undantekningarlítið ekki takmarkandi þáttur á búskaparmöguleika jarða. Að frátöldum jörðum sem setnar eru af fullorðnu fólki með lítil bú er húsakostur yfirleitt góður (sjá þó umfjöllun um fjós í kafla um nautgriparrækt).

Helstu heimildir:

Jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins.


Upplýsingar um fullvirðisrétt frá Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Frumgögn búrekstrarkönnunar Búnaðarfélags Íslands.

Sauðfjarrækt

Aðal búgrein á svæðinu er sauðfjarrækt, sem stunduð er af 124 ábúendum á 105 jörðum. Samkvæmt forðagæsluskýrslum Búnaðarfélags Íslands 1988 er heildarfjöldi alls sauðfjár á svæðinu rúm 28.500 og hefur því eins og víðast annars staðar fækkað á síðustu árum (mynd 12). Meðal fullvirðisréttur til framleiðslu kindakjöts á svæðinu er 219 ærgildi miðað við fjölda fullvirðisréttarhafa en 256 ærgildi miðað við fjölda jarða.

Mynd 12



Framleiðslumöguleikar á kindakjöti takmarkast af áðurnefndum fullvirðisrétti, sem fyrst var ákvarðaður fyrir verðlagsárið 1987/88. Á núverandi verðlagsári er heildarfullvirðisréttur svæðisins um 27.000 ærgildi en eitt ærgildi jafngildir 18,2 kg kjöts, hvort heldur er dilkakjöt eða kjöt af fullorðnu fé. Samkvæmt þessu er hlutur svæðisins um 4,3% af heildarfullvirðisrétti í kindakjöti á öllu landinu. Bundinn réttur vegna sölu eða leigu til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er enn sem komið er ekki verulegur.

Sláturfélag Suðurlands sér um alla slátrun sauðfjár af svæðinu. Sauðfé úr Hörgslands-, Kirkjubæjar- og Leiðvallarhreppum er slátrað í húsi félagsins á Kirkjubæjarklaustri en sauðfé úr Skaftártungu og Álftaveri er flutt til Víkur til slátrunar. Á töflu 3 sést innlagt kjötmagn þessara hreppa haustið 1988. Innlagt kindakjöt var um 23% af innlögðu kindakjöti á félags-svæði Sláturfélags Suðurlands haustið 1988. Engin frekari úrvinnsla sláturafurða fer fram á Klaustri.

Tafla 3


Innlagt kindakjöt hjá Sláturfélagi Suðurlands haustið 1988

Hreppar	Dilkar		Fullorðið	
	stk	kg	stk	kg
Hörgslandshr.	10465	135823	793	15037
Kirkjubæjarhr.	9046	121340	583	11774
Skaftártunguhr.	4838	64353	363	7119
Leiðvallarhr.	4193	54012	349	6870
Álftavershr.	3564	44846	554	11240
Samtals	32106	420374	2642	52040

Landbúnaður

Eins og sést á mynd 13 hefur kindakjötsneysla á hvern íbúa á landinu minnkað jafnt og þétt á undanförunum árum. Verðlagsárið 1987/88 var heildarkindakjötssala á landinu 8.635 tonn af 12.572 tonnum innlögðum haustið 1987 eða 68,7%. Haustið 1988 var innlagt kindakjöt komið niður í 10.543 tonn og hafði því minnkað um 16% miðað við haustið á undan. Miðað við kindakjötssölu það sem af er verðlagsárinu 1988/89 bendir flest til að heildarsalan muni enn dragast saman og hlutfall innanlandssölu og heildarframleiðslu verða jafnvel enn óhagstæðara en nú er. Inn í ofangreindar framleiðslu- og neyslutölur vantar kjöt af heimaslátruðu, heimtekið kjöt bænda úr sláturhúsum og hugsanlega ólöglega sölu á heimaslátruðu kjöti.

Mynd 13



Samkvæmt samningi, sem nú er í gildi milli ríkisins og bænda, tryggir ríkið bændum fullt verð fyrir 11.000 tonn kindakjöts verðlagsárin 1988/89-1991/92. Auk þessa ber Framleiðnisjóður landbúnaðarins verðábyrgð á 800 tonnum. Algjör óvissa ríkir um hvað við tekur í framleiðslumálum á kindakjöti að loknum samningstíma búvörusamningsins 1992 en í ljósi framangreindra upplýsinga er ekki tilefni til mikillar bjartsýni í þeim efnum, einkum með tilliti til þeirrar yfirlýstu stefnu stjórnvalda að aðlaga framleiðsluna innanlandsneyslu.

Ofan á almennan vanda í þessum efnum bætist að á bak við umtalsverðan hluta fullvirðisréttarins á svæðinu stendur fullorðið fólk, sem gera má ráð fyrir að hætti búskap á næstu árum. Í mörgum þessara tilvika situr fólk á jörðum þar sem litlar framkvæmdir hafa átt sér stað á undanförunum árum og fullvirðisréttur það lítill að við óbreyttar aðstæður er útilokað að yngra fólk geti tekið við búrekstri. Samkvæmt gildandi reglum er framleiðanda óheimilt að ráðstafa fullvirðisrétti til annars lögbýlis.

Við athugun, þar sem gert var ráð fyrir að eftir 5 ár verði allir sem þá verða sjötugir og eldri hættir búskap, kom í ljós að vænta má að allt að 20 jarðir verði fallnar úr ábúð og eru þá ekki taldar með jarðir þar sem líklegt er að yngra fólk taki við búrekstri. Þar með gæti núverandi fullvirðisréttur í kindakjöti lækkað um allt að 3.000 ærgildi af þessum sökum einum, haldist óbreytt stefna í framleiðslumálum landbúnaðarins. Er hér um að ræða sem næst 11% af heildarfullvirðisrétti svæðisins í kindakjöti.

Ofan á þetta bætist að samkvæmt sérstöku tilboði Framkvæmdanefndar búvörusamninga, þar sem boðin eru betri kjör en ella, við sölu eða leigu fullvirðisréttar er V-Skaftafellssýsla þokkuð með landssvæðum þar sem talin er þörf á sérstökum aðgerðum til gróðurverndar.

Viðbúið er að tilboðið verki sem hvati að sölu fullvirðisréttar út af svæðinu. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að samkvæmt upplýsingum frá Landgræðslu ríkisins er allur gróður á láglendi svæðisins í sókn og allir afréttir austan Skaftár í jafnvægi. Það er því umhugsunarefni hvort ekki sé rökréttara að byggja flokkun á landsvæðum vegna tilboðsins á minni einingum en nú er gert.

Grunur um riðuveiki hefur komið upp á tveimur býlum í Skaftártungu og einu í vestanverðum Kirkjubæjarhreppi á undanförunum árum. Í öllum tilvikum var allt sauðfé á viðkomandi bæjum skorið niður. Í einu tilviki var fullvirðisréttur færður yfir í mjólk en í hinum tilvikunum er reiknað með áframhaldandi framleiðslu kindakjöts innan tíðar. Að öðru leyti er svæðið laust við alvarlega sauðfjársjúkdóma.

Af ofansögðu er ljóst að við óbreytt fyrirkomulag mun sauðfjarrækt á svæðinu dragast verulega saman á næstu árum. Óraunhæft er að vænta aðgerða sem leitt geta til aukningar á framleiðslumöguleikum greinarinnar á svæðinu frekar en annars staðar. Vegna einhæfni atvinnulífsins og takmarkaðra atvinnumöguleika er hins vegar æskilegt að reglur um fullvirðisrétt verði sveigjanlegri þannig að hægt væri að úthluta fullvirðisrétti frá þeim sem hætta búskap til þeirra sem hafa knappan fullvirðisrétt en hagstæð skilyrði að öðru leyti.

Helstu heimildir:

Forðagæsluskýrslur Búnaðarfélags Íslands.

Upplýsingar um fullvirðisrétt frá Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Skriflegar upplýsingar frá Sláturfélagi Suðurlands.

Fréttabréf Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins.


Nautgriparækt

Nautgriparækt á svæðinu er fyrst og fremst stunduð til framleiðslu mjólkur en framleiðsla nautakjöts er einnig nokkur, í flestum tilvikum samhliða mjólkurframleiðslunni.

Um 1960 var farið að leggja mjólk af svæðinu inn hjá Mjólkurbúi Flóamanna á Selfossi. Fram til þess tíma hafði mjólkurframleiðslan nær eingöngu verið til heimilisnota. Líklegt er að tilkoma mjólkursölnunnar hafi verið einhver mestu tímamót í framfarasögu byggðarlagsins undanfarna áratugi og næsta víst að byggð væri ella mun minni á svæðinu.

Mjólkurframleiðsla til sölu er nú stunduð á 50 jörðum. Meðalfullvirðis-réttur til framleiðslu mjólkur er 195 ærgildi (eitt ærgildi í mjólk jafngildir 174 lítrum mjólkur) miðað við fjölda fullvirðisréttarhafa en 211 ærgildi miðað við fjölda jarða. Hafa ber í huga að á nær öllum mjólkurframleiðslujörðum á svæðinu er jafnframt stunduð sauðfjarrækt.

Heildarfjöldi mjólkurkúa var 656 í árslok 1988 og hefur þeim fækkað töluvert á undanförunum árum (mynd 14).



Framleiðslumagn mjólkur takmarkast af fullvirðisrétti, sem fyrst var ákvarðaður fyrir verðlagsárið 1985/86. Verðlagsárið 1988/89 var heildarfullvirðisréttur svæðisins í mjólk rúmlega 1,8 millj. lítra, eða sem samsvarar um 10.500 ærgildum, en það er um 1,7% af heildarfullvirðisrétti í mjólk á öllu landinu.

Mjólkinn er lögð inn í Mjólkurbú Flóamanna á Selfossi og fer öll úrvinnsla fram þar. Mjólkinn er sótt 2-3svar í viku og fer þannig fram að 2 bílar gerðir út frá Vík í Mýrdal safna allri mjólk af svæðinu sama daginn og halda til Víkur að kvöldi. Næsta dag er mjólkinni ekið til Selfoss og losað en í staðinn lestaðar mjólkurvörur, sem síðan er dreift í næstu ferð.


Mjólkurframleiðsla á svæðinu árið 1988 var rúmlega 1,8 millj. lítra, sem var um 4,9% af heildarinnleggi hjá Mjólkurbúi Flóamanna það ár.

Ljóst er að almennt ástand í framleiðslumálum mjólkur og nautgripakjöts er mun betra en í kindakjötsframleiðslunni. Sérstakt áhyggjuefni varðandi mjólkurframleiðsluna eru hertar reglur um ástand haughúsa við fjós, sem koma eiga til framkvæmda um áramótin 1989/90. Alls eru 19 fjós á svæðinu á undanþágu hvað þetta varðar. Að baki þeim stendur fullvirðisréttur til framleiðslu á tæpum 370.000 lítrum mjólkur, en það er um 20% alls fullvirðisréttar mjólkur á svæðinu. Samkvæmt mati héraðsdýralæknis er í sumum tilvikum hægt að uppfylla skilyrði með minni háttar lagfæringum en í öðrum tilvikum þarf veruleg fjárfesting að koma til. Veruleg hættu er á að í sumum þessara tilvika verði þetta til þess að viðkomandi hætti mjólkurframleiðslu komi þessar reglur til framkvæmda af fullum þunga.

Engar takmarkanir eru á framleiðslu nautgripakjöts. Heildarinnlegg nautakjöts af svæðinu hjá Sláturfélagi Suðurlands á Kirkjubæjarklaustri og í Vík í Mýrdal var almanaksárið 1988 rúmlega 64 tonn, sem var um 9,5% af heildarinnleggi Sláturfélags Suðurlands sama ár. Á mynd 15 er nánari sundurliðun á framleiðslu einstakra hreppa á svæðinu.

Mynd 15

Innlagt nautakjöt hjá Sláturfélagi Suðurlands haustið 1988



Nautakjötsneysla á landinu hefur vaxið mikið á undanförunum árum. Á árinu 1988 var meðal neysla á hvern íbúa landsins 13,2 kg og hafði aukist um 2,4 kg á 2 árum. Sala á nautakjöti var árið 1988 að magni til 17,5% umfram framleiðslu sama árs.

Þar sem jafnvægi hefur náðst milli framleiðslu og sölu mjólkur og stöðugt er unnið að vörubrúun afurða eru líkur á að einhver aukning geti orðið í mjólkurframleiðslu.

Taka þarf sérstaklega á vandamálum vegna ófullnægjandi haughúsa við fjós allvíða á svæðinu.

Athugandi er fyrir bændur með blönduð bú og vannýtt fjós að nýta sér reglugerðarákvæði sem leyfa breytingu á fullvirðisrétti í kindakjöti yfir í mjólk þar sem mun betur horfir í þeirri grein.

Nokkurt svigrúm er til aukningar í framleiðslu á nautakjöti.

Helstu heimildir:

- Forðagæsluskýrslur Búnaðarfélags Íslands.
- Upplýsingar um fullvirðisrétt frá Framleiðsluráði landbúnaðarins.
- Skriflegar upplýsingar frá Mjólkurbúi Flóamanna.
- Skriflegar og munnlegar upplýsingar frá héraðsdýralækni.
- Fréttabréf Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins.

Garðrækt

Byggðarlagið virðist veðurfarslega síst lakar sett til garðræktar en lágsveitir vestar á Suðurlandsundirlendi, þar sem garðrækt hefur náð að festa rætur sem búgrein. Áunnin reynsla í byggðarlaginu staðfestir þetta einnig. Samfelldur sprettutími er með því lengsta sem

Landbúnaður

gerist á landinu og meðalhiti er óvíða hærri. Vegna nálægðar sjávar og lítillar hæðar yfir sjó eru hitasveiflur á vaxtartíma minni en í ýmsum öðrum byggðarlögum. Veðurathuganir undanfarinna ára (Kirkjubæjarklaustur og Mýrar/Norður-Hjáleiga) sýna glögglega að á svæðinu vorar snemma og klaki í jörðu tefur sjaldan teljandi fyrir vorverkum. Hætta á vor- og síðsumarfrostum, sem reynst geta háskaleg og afdrifarík fyrir alla garðrækt, er að öllum líkindum minni en víða annars staðar. Sumarúrcoma er hins vegar mikil og getur á vissum svæðum torvelað ræktunarstörf og aukið útskolun mikilvægra næringarefna. Aukin skýjahula samfara mikilli sumarúrkomu orsakar minni inngeislun og lakari hitaskilyrði en ætla verður að langur sprettutími bæti það að nokkru. Náttúrulegt skjól er víða takmarkað, einkum nær ströndinni, en ræktun skjólbelta gæti leyst þetta vandamál til lengri tíma litið. Landrými er hvergi takmarkandi þáttur og landgæði svæðisins standa ekki í vegi fyrir að unnt sé að stunda garðrækt.

Garðrækt hefur ekki verið stunduð mikið á svæðinu umfram hefðbundna heimilsræktun. Allvíða hefur smávegis söluræktun á kartöflum og gulrófum þó verið stunduð bæði fyrr og síðar. Ræktun kartaflna til sölu er nú einungis á tveimur býlum og á báðum í tiltölulega litlum mæli. Nokkrir aðilar í Hörgslandshreppi stunda gulrófnarækt sem verulega aukabúgrein með góðum árangri og hafa sumir þeirra komið sér upp góðum geymslum með tilheyrandi kælikerfum. Ræktun á gulrótum til sölu er á örfáum býlum en hvergi í miklum mæli.

Árið 1984 stofnuðu nokkrir garðávaxtaframleiðendur á svæðinu hlutafélag sem hefur haft milligöngu um sölu afurða félagsmanna og annarra til dreifingaraðila á höfuðborgarsvæðinu. Með þessu móti hafa viðkomandi aðilar getað selt alla framleiðslu sína og ekki annað eftirspurn í mörgum tilvikum. Til dæmis hefur alltaf vantað gulrætur frá nóvember og fram á haust ár hvert og eru þær fluttar inn í miklu magni bæði niðursoðnar og ferskar.

Að áliti sérfræðinga leikur enginn vafi á því að stunda megi aðra matjurtaræktun en á kartöflum og rófum, einkum á austasta hluta Síðu og í Fljótshverfi. Reynslan hefur nú þegar sýnt að ræktun gulróta gengur vel á svæðinu enda þurfa þær langan sprettutíma og þrífast vel í sandblendnum jarðvegi, sem víða er til staðar. Ræktun á rauðrófum hefur ekki verið reynd að marki en er talin koma vel til greina. Rauðrófur eru nú fluttar inn í miklum mæli ýmist niðursoðnar eða til niðursuðu hérlendis. Þá er ræktun á ýmsum káltegundum talin koma vel til greina en hún krefst nokkurrar sérþekkingar og góðrar aðstöðu til uppeldis plantna þ.e. gróðurskýla.

Augljósar forsendur virðast til að auka garðrækt á völdum stöðum í byggðarlaginu og sætir furðu að bændur hafi ekki stundað garðrækt sem aukabúgrein meir en raun ber vitni. Ástæða væri til að fá jarðræktarsérfræðinga Búnaðarfélagsins eða aðra til að athuga sérstaklega jarðræktarskilyrði á svæðinu og benda á álitlega ræktunarstaði fyrir ákveðnar tegundir. Jafnframt þyrfti að vinna að markaðsmálum t.d með því að efla áður nefnt hlutafélag um markaðssetningu garðávaxta.

Helstu heimildir:

Skriflegar upplýsingar frá Óla Val Hanssyni fyrrv. ráðun. hjá Búnaðarfélagi Ísl.

Munnlegar upplýsingar frá forsvarsmönnum Grænmetissögunnar hf. á Kirkjubæjarklaustri.

Kornrækt

Um 1940 var ræktun á korni reynd um nokkurra ára skeið á 2 bæjum í Landbroti og mun það hafa þroskast allvel.

Frá árinu 1982 hafa um 10 bændur í Kirkjubæjarhreppi og einn í Hörgslandshreppi stundað kornrækt. Í fyrstu var einungis um tilraunastarfsemi að ræða en undanfarin ár hefur verið sáð í um 30 ha ár hvert og kornið verið notað sem skepnufóður hjá viðkomandi bændum og minnkað fóðurbætisnotkun þeirra verulega (allt að 70%). Í upphafi voru bændurnir með akrana hver á sinni jörð en seinni árin hefur sáningin nær öll farið fram á Stjórnarsandi við Kirkjubæjarklaustur. Flest árin hefur kornið þroskast mjög vel og uppskera verið góð.

Verkunaraðferð hefur eingöngu verið súrsun og hefur kornið verið geymt heima hjá hverjum fyrir sig í loftþéttum umbúðum, íblöndunarlaust. Sauðfé er gefið óvalsað korn en nautgripir fá það valsað og er völsun framkvæmd á hverju búi fyrir sig. Upphaflega var eitthvað af hálminum selt til svepparæktar en vegna nægs framboðs af honum í nágrenni sveppabúanna hefur sá markaður lokast. Bændurnir reka sameignarfélag (Kornvellir sf.) sem á eina sáningsvél og eina þreskivél. Félagið er öllum opið en ekki hafa fleiri bændur sýnt áhuga á þátttöku. Ekki er vítað til þess að núverandi félagsmenn hyggist auka ræktun að marki. Nokkrir bændur í Álftaveri og Skaftártungu eiga kornþreskivél í sameiningu en kornrækt hefur þó lítið verið stunduð í þessum sveitum nema á einum bæ í Álftaveri, en þar var sáð í um 2,5 ha árið 1988.

Samkvæmt niðurstöðum samanburðarrannsóknna RALA bendir flest til að skilyrði til kornræktar á svæðinu jafnist á við það sem best gerist í öðrum héruðum landsins. Þar sem Ísland telst á norðurmörkum kornræktar getur uppskera aldrei orðið árviss en margt bendir til þess að mólendi á austanverðu Suðurlandi sé öruggasta kornræktarland hérlendis. Samkvæmt drögum að skiptingu Íslands í ræktunarbelti, sem byggist á heimildum um veðurfar og búskaparreynslu, lenda Hörgslands- og Kirkjubæjarhreppar og líklega Leiðvallarhreppur í belt 1 þar sem þroskalíkur byggs eru taldar mestar, en Skaftártunga og líklega Álftaver í belt 2 þar sem ræktunarskilyrði eru talin mjög breytileg.

Á vegum RALA er stöðugt unnið að kynbótum á korni með það að markmiði að fá fram afbrigði sem sé fljótsprottnara, uppskerumeira, með fastara korn og sterkari stöngul en þau afbrigði sem hafa verið notuð hérlendis hingað til og henti þannig betur íslenskum aðstæðum. Miðað við besta hugsanlega árangur má vænta þess að íslenskt sáðkorn með ofangreindum kostum komist til bænda í fyrsta lagi vorið 1990 en ekki svo um munar fyrir en ári síðar.

Á að minnsta kosti tveimur stöðum á landinu (undir Eyjafjöllum og í Landeyjum) hafa kornræktarbændur komið sér upp aðstöðu til þurrkunar á korni. Sú verkunaraðferð gefur möguleika á sölu kornsins til aðila sem framleiða fóðurböndur fyrir skepnur. Á undanförunum árum hafa kornræktarbændur á þessum stöðum selt framleiðslu sem verið hefur umfram eigin notkun. Til samans hefur hér einungis verið um örfá hundruð tonn að ræða ár

Landbúnaður

hvert. Korn þetta hefur líkað mjög vel enda staðist fyllilega allan gæðasamanburð við innflutt korn.

Haustið 1988 fengu bændur um 20 kr. fyrir hvert kíló af korni en það mun hafa verið um 10% yfir markaðsverði á innfluttu korni eins og það var á sama tíma. Að undanfögnu hefur innflutta kornið verið niðurgreitt í viðkomandi framleiðslulöndum en upp á síðkastið hafa þessar niðurgreiðslur lækkað. Hugsanlegt er talið að í framtíðinni leggist þær af sem myndi væntanlega hafa í för með sér hækkun á heimsmarkaðsverði. Að sögn einstakra kornræktarbænda hafa þeir fyllilega fyrir öllum kostnaði og þökkaleg laun í þeim árum sem uppskera heppnast vel.

Framboð af innlendu korni til íblöndunar í skepnufóður er einungis brot af því sem notað er í landinu, þannig að hér gæti verið um verulega vaxtarmöguleika að ræða. Íslenskt korn hefur lítillaga verið notað til brauðgerðar. Hálmurinn er eins og fyrr segir notaður við svepparækt en einnig hefur hann selst lítillaga til notkunar í undirburð undir mink, í kransa- og blómaskreytingar og til hreiðurgerðar í hænsnabúum. Verð á hálm hefur gjarnan fylgt heyverði á hverjum tíma.

Kornrækt sem fóðurframleiðsla til eigin nota hefur nú þegar sannað gildi sitt og þyrftu mun fleiri bændur á svæðinu að fara að fordæmi þeirra sem nú stunda þessa ræktun með góðum árangri. Jafnframt eru vaxandi líkur á því að hér geti verið um arðbæra atvinnugrein að ræða sé vel að málum staðið. Forsenda markaðssetningar er aðstaða til þurrkunar á korninu. Hefja þarf strax athugun á grundvelli til uppbyggingar slíkrar aðstöðu á svæðinu samhliða könnun á markaðsmöguleikum.

Helstu heimildir:

Munnlegar upplýsingar frá Guðm. Guðjónssyni í Eystra-Hrauni, Kirkjubæjarhreppi.

Ýmsar skriflegar upplýsingar frá RALA (Jónatan Hermannsson).

Munnlegar upplýsingar frá Sigurði Eyjólfssyni hjá Mjólkurfélagi Reykjavíkur.

Munnlegar upplýsingar frá Magnúsi Finnbogasyni á Lágafelli, A-Landeyjum.

Skógrækt

Náttúrulegt skóglendi er á nokkrum stöðum á svæðinu en er nær allt lágvaxið og hvergi mjög víðfeðmt. Í Skaftártungu er náttúrulegt skóglendi á um 1500 ha, í Núpsstaðarskógum um 440 ha og lítillsháttar skóglendi er við Holt og Skál á Síðu og á Leiðvelli og í Botnum í Meðallandi.

Allvíða eru afgirtir skógræktarreitir. Skógrækt ríkisins hefur umsjón með 12 ha skóglendi á Kirkjubæjarklaustri og um 10 ha í Skaftártungu. Fimm reitir eru á vegum skógræktarfélags sem starfar á svæðinu, samtals rúmir 12 ha. Auk þessa eru allvíða reitir á vegum einstaklinga.

Fyrir fáum árum var stofnað skógræktarbylí í Skaftártungu og er þegar búið að gróðursetja verulegt magn af trjáplöntum (um 30 þús). Eigendur eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu og hafa skógræktina að mestu sem tómstundagaman enn sem komið er.

Undanfarið hafa samningaumleitarnir staðið yfir sem miða að því að Skógrækt ríkisins taki jörð í Skaftártungu á leigu, fyrst og fremst til verndunar á náttúrulegu skóglendi sem fyrir er.

Skógræktarskilyrði á svæðinu eru að álitni sérfræðinga yfirleitt góð og sums staðar mjög góð, svo sem vöxtur birkis, alaskaaspar og sitkagrenis á Kirkjubæjarklaustri ber vott um svo og vöxtur stafafuru í Skaftártungu. Mjög góð reynsla er einnig af vexti ýmissa víðitegunda. Í skýrslu, sem gefin var út á vegum nefndar um landnýtingaráætlun, eru töluverðir hlutar svæðisins þokkaðir með þeim svæðum á landinu þar sem ræktunarskilyrði erlendra trjátegunda eru talin best.

Til að staðfesta góð vaxtarskilyrði á svæðinu og byggja upp þekkingu á vali heppilegra tegunda þurfa að koma til skipulegar tilraunir með tegundir og kvæmi. Hafin er tilraun heimaaðila með aðstoð Skógræktar ríkisins á skjólbeltarækt á Stjórnarsandi við Kirkjubæjarklaustur. Þá hefur Skógrækt ríkisins fengið loforð um afnot af reit í landi Geirlands á Síðu, þar sem fyrirhugað er að gera tilraunir með trjásafn. Stuðla þarf að frekari tilraunum til skógræktar sem víðast á svæðinu.

Margt bendir til að á svæðinu séu kjörnar náttúruvafarsaðstæður til ræktunar svonefndra rótar- eða orkuskóga. Gert er ráð fyrir að hjá Járblendiverksmiðjunni á Grundartanga verði markaður fyrir viðarkurl í framtíðinni. Þrátt fyrir erfiða samkeppnismöguleika svæðisins með tilliti til þess markaðar vegna fjarlægðar, er sjálfsagt að gera tilraun með þessa ræktun. Reynist trjávöxtur meiri en á samkeppnissvæðunum getur hann vegið upp hærri flutningskostnað.

Enn sem komið er er engin nytjaskógrækt á svæðinu. Koma þarf því til leiðar að Skógrækt ríkisins geri sérfræðilega athugun á skilyrðum til skógræktar á svæðinu, en slík athugun er forsenda styrkveitinga af opinberri hálfu til nytjaskógræktar.

Liggi fyrir formleg staðfesting Skógræktar ríkisins á svæðinu, eða ákveðnum hlutum þess, sem heppilegu skógræktarsvæði, þarf að gera skógræktaráætlun fyrir þau lönd er til greina koma og leita staðfestingar skógræktarstjóra.

Helstu heimildir:

Ýmsar skriflegar upplýsingar frá starfsmönnum Skógræktar ríkisins (Baldur Þorsteinsson o.þ.).

Skýrsla nefndar á vegum landbúnaðarráðuneytisins um landnýtingaráætlun.

Munnlegar upplýsingar frá Ólafíu Jakobsdóttur á Hörgslandi.

Fiskrækt

Vatnsmikið og víðfemt vatnakerfi er á svæðinu. Meginvatnsföllin eru að stofni til jökulvötn sem eiga upptök í nærliggjandi jöklum, en í þau falla fjölmargar þverár sem ýmist eru dragár

Landbúnaður

eða lindár. Helstu árkerþn eru vatnasvæði Kúðaþjóts og Skaftár. Fjölmörg stöðuvötn eru á svæðinu, einkum á heiðum uppi.

Einkenni þestra ána er að þær eru fremur næringarefnasnauðar og kaldar, sem ef til vill er meginskýringin á því að lítið er um lax í þessum ám. Af ferskvatnsþskum í straumvötnum er sjóbirtingur, þ.e. sjógengin urriði, ríkjandi tegund og er hvergi á landinu í jafn ríkum mæli. Aðrar straumvatnstegundir eru urriði, bleikja og áll, en þessar tegundir fyrirþnnast jafnframt í mörgum stöðuvötnum á svæðinu.

Veidifélög ábúenda veiðijarða eru starfandi um vatnasvæði Hvalsýkis og Melóss, vatnasvæði Skaftár, Grenlæk, vatnasvæði Eldvatns og vatnasvæði Kúðaþjóts. Auk þess starfar Veidifélag Skaftártungumanna vegna vatna á Skaftártunguafretti.

Stangveiði er algengasta veiðiaðferðin en netaveiði er stunduð í Skaftá og ádráttur í Kúðaþjóti. Eins og annars staðar er leyfður veiðitími á sjóbirtingi frá 1. apríl til 20 september ár hvert. Undanfarin ár hefur verið leyfð framlenging á veiðitíma um einn mánuð. Sjóbirtingur er veiddur á göngu sinni í árnar síðsumars og á haustin, en einnig að vori þegar hann gengur til sjávar á ný. Yþr hásumarið er veiði lítil. Til að reyna að auka tekjur af ánum hefur töluverðu magni laxaseiða verið sleppt í þær. Lax gengur fyrr í árnar en sjóbirtingur og gæti því brúað dauft tímabil í veiði að sumrinu. Arangur þessara sleppinga hefur ekki verið sem skyldi. Nýting stöðuvatna í byggð er fremur lítil og nær engin í óbyggðum.

Fyrirkomulag á sölu veiðileyfa er með ýmsu móti. A vatnasvæði Melóss og Hvalsýkis sér viðkomandi veiðifélag um daglega sölu veiðileyfa að frátöldu Eldvatni, sem er í langtímaleigu til utanaðkomandi aðila. Landeigendur stunda sjálfr netaveiðar í Skaftá, en Geirlandsá og Vatnamót eru í langtímaleigu hjá utanaðkomandi aðilum. Stangveiðifélag á Klaustri hefur á leigu svokallað Hólmasvæði, neðarlega í Skaftá. Utanaðkomandi aðilar hafa verulegan hluta af Grenlæk á leigu en viðkomandi veiðifélag sér um daglega útleigu veiðileyfa í Eldvatni í Meðallandi. Ábúendur veiðijarða við Kúðaþjót stunda sjálfr ádrátt í Kúðaþjóti, en Stangveiðifélag í Vík í Mýrdal hefur Flögulón og Tunguþjót á leigu. Nokkur veiðihús hafa verið reist á svæðinu til afnota fyrir veiðimenn viðkomandi vatnasvæða.

Veidimálastofnun hefur frá árinu 1977 rannsakað nokkrar ár og vötn á svæðinu. Rannsóknir í ám hafa einkum miðast við að meta uppeldisskilyrði fyrir laxa- og silungsseiði og seiðaþéttleika, en í vötnum að meta ástand þskistofna.

Niðurstöður rannsókna sýna að sjóbirtingsgengd má auka frá því sem nú er með seiðasleppingum á óþskgeng svæði, en þar má vænta betri árangurs af sleppingum en á þskgengu hlutum ána, vegna minni samkeppni við náttúruleg urriðaseiði. Uppeldis- og hrygningarskilyrði má einnig bæta, meðal annars með því að aka möl og grjóti á valda staði. Enn sem komið er eru allnokkrar ár á svæðinu algjörlega ókannaðar, s.s. ofanverð Skaftá og þverár hennar og ár í Brunahrauni og Fljótshverþ.

Af stöðuvötnum í byggð, sem þest eru smá, hafa fæst verið könnuð. Líklegt er talið að nýta megi þest láglendisvötnin og kemur þar hvort tveggja til greina netaveiði og stangveiði. Nokkur nýting er nú þegar á sumum vatnanna enda hefur eftirspurn eftir ódýrum stangveiðileyfum fyrir ferðafólk aukist á síðustu árum. Frekari nýting af þessu tagi ætti, með

tilheyrandi þskráktarstarþ, að vera möguleg og þá jafnvel helst í tengslum við ferðaþjónustu bænda.

Á heiðum, einkum á Skaftártunguafréttik, eru mörg stöðuvötn sem hafa lítið verið rannsökuð. Upphæga voru mörg þessara vatna hrein urriðavötn en vegna sleppinga á bleikju í þau á árunum 1965-1971 eru mörg þeirra nú ofsetin smárri bleikju og urriði nær horþn. Með rétttri nýtingu ættu þessi vötn að geta orðið landeigendum búsilag. Langisjór á Skaftártunguafrétti er stærsta afréttarvatnið (27 km²). Það mun hafa verið þsklaust til skamms tíma, en urriðaseiðum var sleppt í það fyrir nokkrum árum. Ef sleppingar í Langasjó gefa árangur er líklegt að það geti geþð talsverðar tekjur í aðra hönd.

Sjávarskilyrði undan ströndum eru talin hagstæð með tilliti til hafbeitar á laxi en aðstæður á landi eru víða erfiðar, þar sem eingöngu eru sandfjörur og árnar hafa breytilega ósa og ósasvæðin eru víðast grunn og víðáttumikil. Þó er talið að til greina komi að sleppa laxi til hafbeitar ofar í ánum og þá helst í þeim tilgangi að auka stangveiði. Að áliti þskifræðinga er talið vert að kanna hvort hafbeit með sjóbirting og sjóbleikju sé raunhæfur kostur á svæðinu en slíkt þskeldi hefur ekki verið reynt að neinu marki hérlendis.

Töluvert er af ál í Landbroti, Meðallandi og Álftaveri. Ástæða er til að kanna hvort álaveiðar á þessum slóðum geti orðið arðbærar, þar sem mikil eftirspurn er eftir ál sem matþsk og fyrir hann fæst hátt verð. Jafnframt er talinn markaður fyrir ál til eldisstöðva, þar sem ekki hefur tekist að framleiða álaseiði í eldisstöðvum. Þar er því jafnvel um að ræða markað fyrir álaseiði nýkomin úr sjó (glerál) en einnig stærri ál.

Mikið starf er óunnið í rannsóknum á vatnakerþ svæðisins með tilliti til frekari nýtingar. Þest bendir til að með skipulegum rannsóknum og viðeigandi aðgerðum megi auka þskgengd og eþa aðdráttaraþ þess fyrir veiðimenn. Til þess að svo megi verða þarf að gera heildar út-tekta á þskráktarmöguleikunum og taka saman og vinna úr öllum upplýsingum sem til eru nú þegar og varða þskrákt á svæðinu. Gera þarf vettvangsathuganir á völdum stöðum og kanna frekar nýtingarmöguleika óþskgengra svæða og meta möguleika á nýtingu stöðuvatna í byggð og óbyggð. Eðlilegast væri að slík úttekta yrði á vegum Veiðimálastofnunar í náinni samvinnu við sérstaklega skipaða nefnd með fulltrúum frá öllum veiðifélögum á svæðinu og ef til vill öðrum aðilum. Niðurstöður úttektaarinnar yrðu síðan rækilega kynntar öllum hags-munaaðilum. Í framhaldi af því þyrfti að samræma sem mest alla nýtingu á veiðimöguleikum með það að markmiði að halda sem mestri vinnu er veiðinni tengist heima í héraði.

Takist að auka þskgengd á svæðinu þarf að auglýsa það sem sérstakt sjóbirtingsveiðisvæði. Sjóbirtingur getur orðið mjög vænn og skemmtilegur sportveiðiþskur ekki síður en lax og er þar að auki úrvals matþskur. Líklegt má því teljast að með viðeigandi aðgerðum megi auka eftirspurn og þar með verðgildi svæðisins sem veiðisvæðis.

Helstu heimildir:

Skriflegar og munnlegar upplýsingar frá starfsmönnum
Veiðimálastofnunar (Finnur Garðarsson, Magnús Jóhannsson o.þ.).
Munnlegar upplýsingar frá forsvarsmönnum veiðifélaga á svæðinu.

Fiskeldi.

Klak og eldi seiða fram að frumfóðrun hefur verið stunduð í smáum stíl um áratuga skeið á svæðinu. Í dag er seiðaeldi einungis stundað af örfáum aðilum og alls staðar í mjög smáum stíl, að undanskilinni klak- og seiðaeldisstöð við Tungulæk í Landbroti, sem Fiskeldisskólinn á Kirkjubæjarklaustri hefur til umráða.

Þar sem jarðhita er ekki að þinna á svæðinu svo neinu nemi er þskeldi fremur þröngur stakkur skorinn. Á síðustu misserum hafa þó vaknað vonir til þess að nýta megi einhverja af fjölmörgum lindalækjum á svæðinu til bleikjueldis í smáum stíl. Tilraunir með bleikjueldi við náttúrulegar aðstæður á norðlægum slóðum gefa tilefni til að ætla að framleiða megi með þessum hætti, með tiltölulega litlum kostnaði, vel markaðshæfa matvöru sem nýtur stöðugt vaxandi vinsælda.

Settar hafa verið fram hugmyndir um að gera hluta slíks eldisferils að aukabúgrein hjá bændum. Samkvæmt þeim myndu bændur kaupa 12 - 18 mánaða seiði af sérstökum eldisstöðvum að vori og ala þau fram á næsta vetur, þar til náð væri markaðsstærð (300 - 1000 g). Slátrun færi fram í nálægu sérútbúnu slátruhúsi en afurðirnar markaðssettar af sérstökum sölusamtökum.

Á vegum Fiskeldisskólans á Kirkjubæjarklaustri fara fram tilraunir með bleikjueldi við náttúrulegar aðstæður. Enn sem komið er lofa tilraunirnar mjög góðu, en endanlegra niðurstaðna er að vænta haustið 1989. Fiskeldisskólinn hefur nú þegar boðið upp á námskeið í bleikjueldi fyrir bændur og aðra.

Á vegum Orkustofnunar standa nú yfir ferskvatnsrannsóknir á lindum, sem koma undan hraunum í Meðallandi, Landbroti og á Brunasandi. Rannsóknirnar eru liður í frumathugunum á náttúrulegum forsendum þskeldis í V-Skaftafellssýslu og ættu niðurstöður þeirra að auðvelda mönnum að leggja mat á möguleika til bleikjueldis. Fyrirliggjandi niðurstöður benda til þess að ferskvatnsrennsli undan hrauninum sé geysimikið, en sums staðar nokkrum sveiflum háð eftir árstíðum. Hiti lindarvatnsins er talinn of lágur fyrir laxaseiðaeldi og með lægra móti fyrir ýmislegt annað þskeldi. Endanlegar niðurstöður úr þessum rannsóknum munu liggja fyrir á árinu 1989.

Annar liður í þskeldisverkefni Orkustofnunar á svæðinu er að meta möguleika á vinnslu jarðsjávar nærri ströndinni undan byggðunum í Meðallandi og Álftaveri. Nú þegar hafa verið framkvæmdar viðnámsmælingar á Meðallandssöndum og ein 60 m rannsóknarhola hefur verið boruð á hvorum stað. Jarðsjór fannst ekki í borholu í Álftaveri en komið var niður á jarðsjó á um 40 m dýpi á Meðallandssöndum. Fyrirliggjandi niðurstöður úr þessum borholum benda ekki til vænlegs árangurs, með tilliti til nýtingar á jarðsjó, en jarðsjávarleit á þessum slóðum telst þó ekki fullreynd. Talið er æskilegt að ganga betur úr skugga um tilvist og ástand jarðsjávar á svæðinu, en takmarkaðar fjárveitingar til þessara hluta hindra framhald rannsókna. Þó er fyrirhugað að bora aðra holu í Álftaveri sumarið 1989.

Settar hafa verið fram hugmyndir um dælingu sjávar upp á land um þar til gert rör, sem lagt væri út fyrir brimgarð og út á um 20 m dýpi, en mörgum spurningum er ósvarað áður en sú hugmynd getur orðið að veruleika.

Til mikils er að vinna náist sjór upp á land á svæðinu, þar sem úti fyrir ströndum er að öllum líkindum hlýjasti sjór við landið.

Verið er að vinna að ráðningu ráðunauts í þskeldi, sem yrði á Kirkjubæjarklaustri og myndi jafnframt kenna við Fiskeldisskólann þar. Auk þess að tengja með æskilegum hætti saman menntun og atvinnulíf, er ráðgjöfn algjör forsenda skynsamlegrar uppbyggingar þskeldis, sem aukabúgreinar hjá bændum.

Nauðsynlegt er að safna sérstaklega saman öllum upplýsingum, sem til eru um forsendur þskeldis á svæðinu, en meta jafnframt með vettvangskönnun möguleika ákveðinna staða til þskeldis. Hugsanlegt væri að vinna slíkt verk í tengslum við úttekt á þskræktarmöguleikum svæðisins (sjá kaða um þskrækt) en í samvinnu við áðurnefndan ráðunaut í þskeldi, verði af ráðningu hans.

Helstu heimildir:

Skriflegar og munnlegar upplýsingar frá starfsmönnum Veiðimálastofnunar (Finnur Garðarsson, Magnús Jóhannsson o.þ.).

Ýmsar skýrslur og bréf Orkustofnunar um rannsóknir á svæðinu.

Skriflegar og munnlegar upplýsingar frá kennurum Fiskeldisskólans á Kirkjubæjarklaustri.

Ferðaþjónusta bænda

Um nokkurra ára skeið hafa tveir bændur í næsta nágrenni Klausturs verið aðilar að Ferðaþjónustu bænda og vorið 1988 bættust aðrir tveir í hópinn, sem einnig búa skammt frá Kirkjubæjarklaustri.

Samanlagt gistirými á vegum Ferðaþjónustu bænda á svæðinu er 41 rúm í 16 herbergjum, þar af 21 rúm í 10 herbergjum í heimahúsum, en 20 rúm eru í þremur sumarhúsum sem skiptast í tvö herbergi hvert og eru þau öll á sama bænum. Í öllum tilvikum er jafnframt gistingu boðið upp á morgunverð. Í einu tilvikinu er dvalargestum boðið upp á hestaleigu, barnagæslu og aðgang að veiðivatni.

Auk gistirýmis, sem til boða er á vegum Ferðaþjónustu bænda, bjóða allir ofantaldir upp á gistingu í svefnpokapláss. Einn býður jafnframt upp á gistirými í 3 hjólhýsum, samtals 14 rúm, og annar hefur gistirými í gömlu íbúðarhúsi, samtals 12 rúm. Einn bóndi í Álftaveri hefur gert upp gamalt íbúðarhús með gistingu í huga.

Nákvæmar upplýsingar um fjölda gistinátta hjá bændum liggja ekki fyrir. Ljóst er þó að á tímabilinu nóvember til mars er engin nýting og í apríl - maí er hún mjög lítil. Um miðjan júní byrjar eftirspurnin að vaxa og nær hámarki í fyrstu viku júlí. Frá þeim tíma og fram í miðjan ágúst má segja að full nýting sé á öllu gistirými hjá þessum aðilum og nokkuð er um

Landbúnaður

að vísa verður gestum frá. Upp úr miðjum ágúst fer verulega að draga úr gestakomum en um miðjan september aukast þær aftur í tengslum við veiðimennsku (silungur og gæs). Í október fer aftur að draga úr eftirspurn og er nær engin eftir miðjan mánuðinn.

Svo virðist sem meiri hluti gesta hafi frá upphafi verið Íslendingar og að hlutur þeirra fari jafnvel vaxandi.

Í öllum ofanefndum tilvikum er einungis um aukabúgreinar að ræða og er aukning í gistirými ekki á döðnni, nema ef til vill hjá einum aðila. Í því tilviki er aðallega um að ræða leigu á sjálfstæðum sumarhúsum. Fyrir liggur skipulag sem gerir ráð fyrir verulegri aukningu þar, gefst til þess tilefni.

Athuga þyrfti sérstaklega grundvöll ferðaþjónustu í tengslum við gangnamannahús Skáftártungumanna við Lambaskarðshóla á Fjallabaksleið nyrðri. Undanfarin ár hefur húsið eitthvað verið leigt ferðahópum til gistingar, en engin starfsemi rekin þar að öðru leyti. Árið 1988 var „sumardagsumferð“ um Fjallabaksleið nyrðri hjá Búlandi í Skáftártungu um 50 bílar samkvæmt umferðartalningu Vegagerðar ríkisins. Líklegt er að umferð á Eldgjáarsvæðinu sé enn meiri vegna umferðar úr vestri. Með viðeigandi lagfæringum á aðstöðu og öflugri kynningarstarfsemi gæti orðið grundvöllur til atvinnuskapandi rekstrar á staðnum. Hugsanlegt væri að tengja starfsemina við nýtingu veiðivatna á Skáftártunguafrétti og jafnvel einnig við landvörslu á Eldgjáarsvæðinu.

Vegna mjög takmarkaðs nýtingartíma verður fjárfesting í greininni að vera í hóp. Ástæða er þó til að ætla að ferðaþjónusta bænda geti smám saman vaxið, einkum leiga á sjálfstæðum smáhúsum, sem virðast vinsælli utan aðal ferðamannatímans en heimagisting. Í því sambandi má einnig benda á mögulega langtímaleigu smáhýsa til félagasamtaka og starfsmannafélaga (t.d. sumarlangt).

Helstu heimildir:

Munnlegar upplýsingar frá ferðaþjónustubændum ásamt gögnum frá samtökum þeirra. Umferðartalning Vegagerðar ríkisins.

Aðrar búgreinar

Hrossarækt er hvergi aðalatvinna en örfáir aðilar stunda tamningar í hjáverkum. Í þestum tilvikum stendur hrossa eign í tengslum við heimaþarþr, þ.e. til smölunar búfjár og skemmtunar.

Samkvæmt forðagæsluskýrslum Búnaðarfélags Íslands, voru hross á svæðinu samtals 727 haustið 1988 og hafði fjölgað lítillega undanfarin ár. Þar af voru hestar 312, hryssur 220 en afgangurinn tryppi og folöld. Þest voru hross 27 hjá einum aðila en óvíða þeiri en 10.

Möguleikar til að eða hrossarækt sem búgrein takmarkast að nokkru leyti af mikilli fjarlægð til höfuðborgarsvæðisins, þar sem er helsti markaður fyrir þjónustu tengda hestamennsku. Er þar einkum átt við þjónustu á borð við hagagöngu, fóðrun og þjálfun hesta, uppeldi,

reiðkennslu o.þ. þá má gera ráð fyrir að sala reiðhrossa sé stíðari vegna fjarlægðarinnar. Með stöðugt batnandi samgöngum, sem vænta má á næstu árum, verða þessir möguleikar raunhæfari.

Samkeppnisaðstaða með tilliti til ræktunar sláturhrossa, hvort sem er til slátrunar innanlands eða til útflutnings hefur minna með fjarlægðir að gera. Víða á svæðinu, einkum í Meðallandi og Alftaveri, eru aðstæður til fjölgunar hrossa, sem ala má með litlum tilkostnaði. Verði nægur markaður fyrir þessar afurðir og haldist skilaverð til bænda viðunandi, er hér um að ræða aukabúgrein með vaxtarmöguleika á allmörgum jörðum.

Samkvæmt gögnum frá Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins var innanlandsmarkaður fyrir hrossakjöt í jafnvægi allt til ársins 1985 en hefur undanfarið dregist nokkuð saman. Á síðasta verðlagsári dróst salan saman um rúm 20% milli ára og var einungis 88% af heildarframleiðslu það ár. Hrossakjötsneysla var 2,3 kg á íbúa árið 1988.

Nokkur undanfarin ár hafa lifandi hross verið flutt út, ýmist til lífs eða til slátrunar. Árið 1988 voru um 700 hross flutt út, þar af meirihlutinn til lífs. Flutningarnir fara í þestum tilvikum fram flugleiðis frá Keflavík en útþytjendur sjá um flutning af landsbyggðinni. Söluverð lífhrossa er eðlilega mjög mismunandi, en söluverð sláturhrossa til útflutnings hefur verið það sama og greitt er innanlands en greiðslur berast fyrr til seljenda.

Undanfarin ár hefur blóð úr fylfullum hryssum verið markaðsvara til vinnslu hormóna til lyfjagerðar. Hingað til hefur blóðtakan aðallega farið fram í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Komið hafa fram hugmyndir um að reyna markaðssetningu á íslenskri kaplamjólk erlendis (Dr. Karl Kortsson 1988). Kaplamjólk, sem er næringarefnaþarfi, er víða eftirsótt vegna þess orðs sem af henni fer um heilsusamleika og jafnvel lækningarmátt. Sérstakt heilbrigði íslenska hestsins gefur vonir um góða möguleika á markaðssetningu íslenskrar kaplamjólkur erlendis og ef vel tekst til nýja tekjumöguleika fyrir hrossabændur.

Rekstur hestaleigu í nágrenni Kirkjubæjarklausturs yfir aðal ferðamannatímamann ætti að geta gengið samhliða annarri starfsemi á sviði ferðamála (sjá nánar kaða um ferðamál).

Líklegt verður að telja að víða megi auka hrossarækt að einhverju marki sem aukabúgrein, sé áhugi fyrir hendi.

Hænsnarækt er nær eingöngu stunduð vegna heimilisþarfa. Einungis einn bóndi stundar eggjaframleiðslu sem aukabúgrein og engin kjúklingarækt er á svæðinu. Vegna fjarlægðar til markaða er ekki líklegt að hænsnarækt verði stunduð að neinu marki.

Kanínurækt til framleiðslu á kanínuböndu hefur ekki verið stunduð á svæðinu sem atvinnugrein, en nokkrir aðilar hafa haldið örfá dýr til reynslu. Eins og er, eru einungis tveir bændur með innan við 30 dýr samtals.

Þest bendir til að kanínurækt geti hentað vel sem aukabúgrein þar sem hægt er að byrja smátt og án mikillar fjárfestingar í byrjun. Auðvelt er að fjölga og stækka ef vel gengur en einnig er hægt að hætta framleiðslu áður en verulega er fjárfest, sýnist mönnum þessi búgrein ekki

Landbúnaður

henta sér eða þeir ná ekki á henni tókum. Þá má í mörgum tilvikum nýta hús og byggingar sem fyrir eru (Ingimar Sveinsson, ráðunautur 1989).

Atvinnugreinin hentar vel í jaðarbyggðum þar sem nota má heimaþað fóður að stórum hluta og flutningskostnaður afurða er lítill. Fram til þessa hefur greinin gefið nokkra tekjumöguleika þar sem rétt hefur verið að staðið og fjárfesting verið í lágmarki.

Opinber fyrirgreiðsla í loðkanínurækt er veruleg. Stofnlánadeild landbúnaðarins lánar 60% af byggingarkostnaði nýrra húsa, eða kostnaðar við endurbætur og breytingar á eldri húsum, 50% af kostnaði við búr og innréttingar í kanínuhús og 50% af kostnaði við lífdýrakaup. Framleiðnisjóður veitir lán eða styrk til búháttabreytinga að hámarki 500 þús. og söluskattur af efni í búr og búnað er endurgreiddur.

Þar sem vel hefur verið að staðið munu bændur hafa fengið þokkalegar afurðir af búum sínum. Öll vinnsla þðunnar fer fram hjá Fínull hf. í Mosfellsbæ. Góðir möguleikar virðast vera á að selja framleiðsluvörur verksmiðjunnar en uppbygging markaða tekur tíma. Verksmiðjan hefur átt í rekstrarerfðleikum, m. a. vegna þess að ekki var stofnað til rekstrar með nægu fjármagni í upphaf. Vonir standa til að nú haf verið bætt úr þessu þannig að rekstrargrundvöllur hennar sé orðinn traustari (Bjarni Einarsson stjórnarformaður Fínullar hf. 1989).

Heimsmarkaðsverð á þðu hefur undanfarið verið mjög lágt miðað við það sem áður var en hefur hækkað aftur að undanförmu. Verðhækkunin undanfarið hefur þó ekki náð að fylgja verðhækkun sem orðið hefur á kanínufóðri og hefur það ásamt seinum skilum á afurðaverði mjög dregið úr áhuga á þessari búgrein nú um stundir.

Rík ástæða er til að fylgjast náið með þróun þessara mála á næstunni, þar sem um er að ræða atvinnugrein, sem vel kemur til greina á svæðinu, komist skil á verði afurða í viðunandi horf.

Svínarækt er einungis stunduð á einu býli og er nýlega hafin. Gera má ráð fyrir að samkeppnisástanda svæðisins sé fremur erfð með tilliti til svínaræktar, bæði vegna mikils flutningskostnaðar á fóðri og sláturgripum, en slátrun fer fram á Selfossi.

Samkvæmt gögnum frá Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins hefur svínakjötsneysla á hvern íbúa á landinu aukist stöðugt á undanförmum árum og er nú 9,8 kg á ári. Heildarframleiðsla svínakjöts á árinu 1988 var rúm 2.300 tonn og hafði aukist um rúm 20% milli ára. Heildarsala var sama ár tæp 2.300 tonn og hafði aukist um rúm 17% milli ára. Sem stendur er því sem næst jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar í greininni.

Verði framhald á neysluaukningu svínakjöts er ekki rétt að útiloka möguleika greinarinnar á svæðinu, þrátt fyrir núverandi annmarka. Tilkoma svínaslátrunar í nærliggjandi sláturhúsi ásamt bættum samgöngum gætu bætt samkeppnisstöðuna verulega.

Loðdýrarækt var reynd á nokkrum býlum í mjög smáum stíl á 4. áratugnum, en lagðist niður á stríðsárunum og hefur ekki verið tekin upp síðan. Árið 1985 fengu nokkrir bændur á

svæðinu leyf landbúnaðarráðuneytis til reksturs loðdýrabúa, en vegna versnandi stöðu greinarinnar um það leyti var hvergi hafinn rekstur.

Staða loðdýraræktarinnar er nú með þeim hætti að uppbygging nýrra rekstrareininga kemur ekki til greina, allra síst á svæðum þar sem langt er að sækja til fódurstöðva.

Eins og víða annars staðar er hlunnindabúskapur á svæðinu ekki stundaður í neinni líkingu við það sem áður var. Ein grein þessa búskapar er þó enn í hávegum höfð, en það er veiðar á vatnaþskum. Áður fyrr veiddu bændur sjálfr sér til matar, en nú felst búskapurinn einkum í sölu veiðileyfa. Einhver veiðihlunnindi eru á yfirgnæfandi meirihluta jarða á svæðinu, þó að víða sé það í smáum stíl, en nokkrir aðilar hafa af þessu verulegar tekjur. Eins og fram kemur í sérstökum kaþa um þskrækt bendir margt til þess að verulega megi auka tekjur af veiðihlunnindum á svæðinu.

Til skamms tíma var fjörureki verulegt búsilag á mörgum jörðum en hefur ekki lengur sama mikilvægi. Þó sér fjaran mörgum ennþá fyrir nægu efni í girðingarstaura og þeira því um líkt, en sala út á við mun að mestu heyra sögunni til.

Selveiðar voru á tímabili drjúg tekjulind á þeim jörðum, sem land áttu að ósum vatnsfalla. Eftir verðfall á selskinnum á áttunda áratugnum lögðust selveiðarnar alveg af og hafa ekki verið teknar upp síðan.

Melskurður var áður fyrri (þar til um 1920) stundaður í Álftaveri og Meðallandi og var melkornið nýtt bæði til manneldis og skepnufóðurs. Á undanförunum áratugum hefur melskurður verið stundaður í Meðallandi á vegum Landgræðslu ríkisins þest haust. Tekjur af melskurði renna óskiptar til þeirra sem melinn skera, en ekki til ábúenda jarða, enda er viðkomandi land í vörslu Landgræðslu ríkisins.

Gæsaveiðar eru töluvert stundaðar á svæðinu, einkum af aðkomumönnum. Vegna sívaxandi ásóknar í þessar veiðar hafa menn rætt um nauðsyn þess að koma einhverju skipulagi á þær. Samfara skipulagningu veiðanna mætti hugsanlega hafa af þeim einhverjar tekjur, en ekki er vitað til að veiðileyf þar verið seld hingað til. Möguleiki er að tengja sölu veiðileyfanna útleigu á gístiaðstöðu á hóteli og hjá ferðaþjónustubændum.

Rjúpnaveiði er ekki mikil á svæðinu og er aðallega stunduð af fámennum hópi heimamanna. Önnur fuglaveiði er óveruleg.

5 OPINBER STARFSEMI

I. Með starfskrafta innan héraðs:

Fræðslumál

Grunnskóli-Fiskeldisskóli


Frá árinu 1971 hafa hrepparnir þrjú á svæðinu staðið sameiginlega að rekstri Kirkjubæjarskóla á Síðu.

Skólinn starfar samkvæmt grunnskólalögum og eru 9 bekkjardeildir auk tveggja vikna vorskóla fyrir 6 ára nemendur.

Frá hausti 1986 hefur þskeldisbraut á framhaldsskólastigi verið við Kirkjubæjarskóla. Fyrstu tvö árin miðuðust inntökuskilyrði við að nemendur hefðu lokið grunnskólapróf og tók námið 3 ár hjá viðkomandi nemendum. Haustið 1988 var hins vegar innritað eftir breyttum skilyrðum, þar sem nemendur verða að hafa lokið sem svarar tveggja ára námi í framhaldsskóla, eða einu ári í framhaldsskóla auk eins árs starfsreynslu við skyldar greinar. Við ofangreindar breytingar stýttist námið úr þremur árum í tvö. Frá haustinu 1989 telst skólinn sjálfstæð deild við Fjölbrautaskólann á Selfossi.

Nemendum úr Kirkjubæjar-, Hörgslands- og Leiðvallarhreppum er ekið daglega í og úr skóla, en nemendur úr Skaftártungu og Álftaveri dvelja á heimavist skólans að undanskildum nemendum úr tveimur neðstu bekkjardeildunum, sem ekið er í og úr skóla þrjú daga í viku. Nemendur Fiskeldisskólans dvelja á heimavist skólans, en einnig á nærliggjandi gístaðstöðu hótelsins á staðnum.

Skólaárið 1988-1989 voru 103 nemendur í grunnskólanum. Vegna áðurnefndra breytinga voru 3 árgangar nemenda í Fiskeldisskólanum skólaárið 1988-1989 með samtals 27 nemendum, þar af voru 16 innritaðir haustið 1988. Mynd 16 sýnir fjölda nemenda við Kirkjubæjarskóla árin 1976 - 1989. Jafnframt sýnir myndin áætlaðan nemendafjölda grunnskólans til næstu 7 ára byggða á árgangastærðum samkvæmt íbúaskrá frá 1. desember 1988 og er þá að sjálfsögðu ekki reiknað með neinum flutningum, hvorki að né frá. Áætlað er að um 25 nemendur verði í þskeldisnámi árlega að jafnaði.



Heildarfjöldi starfsmanna við Kirkjubæjarskóla skólaárið 1988-1989 var 22, þar af þestir í fullu starþ. Af þessu eru nær 5 ársverk, sem tengjast Fiskeldisskólanum. Auk þessa starfa 7 við skólaakstur, sem greiddur er samkvæmt km-gjaldi, en framkvæmd skólaaksturs er á vegum viðkomandi sveitarfélaga.

Í húsnæði skólans er mötuneyti, heimavist fyrir 40 nemendur, 12 skólastofur af mismunandi stærð aðstaða til heimilisfræðikennslu og 5 kennaraíbúðir. Útisundlaug (12,5 x 8 m) er við skólann ásamt tilheyrandi búningsaðstöðu. Vatn í laugina er hitað upp með svartolíu. Nýlega byggt bókasafn er áfast skólabyggingunni. Heildarþatarmál skólabyggingarinnar er um 2.500 m².

Bókasafn skólans, sem jafnframt er héraðsbókasafn fyrir Hörgslands- og Kirkjubæjarhreppa er í áðurnefndri nýbyggingu við skólann. Safnið er mjög vel búið bókum og býður upp á góða lestrar- og vinnuáðstöðu.

Hugmyndir hafa verið uppi um kennslu í ferðamannaþjónustu við skólann, en þær koma vart til framkvæmda fyrr en í fyrsta lagi að lokinni uppbyggingu Fiskeldisskólans. Á vegum Fiskeldisskólans hefur nú þegar verið haldið námskeið í bleikjueldi fyrir bændur og aðra og er fyrirhugað að halda áfram á þeirri braut.

Komi ekki til sérstakrar uppbyggingar í atvinnumálum svæðisins og þar með fjölgunar íbúa, mun nemendum í grunnskólanum fækka á næstu árum. Hætt er við að sú framvinda kæmi illa niður á þeirri þjónustu, sem tengd er skólastarfseminni.

Helstu heimildir:

Skriflegar og munnlegar upplýsingar frá Jóni Hjartarsyni skólastjóra Kirkjubæjarskóla.

Tónlistarskóli

Öll sveitarfélög á svæðinu standa sameiginlega að rekstri tónlistarskóla á Kirkjubæjarklaustri. Skólinn starfar frá september og fram í maí og hefur aðsókn að honum verið mjög góð. Ríkið greiðir launakostnað vegna starfseminnar að hálfu á móti sveitarfélögunum, en nemendagjöld standa undir öðrum daglegum rekstri og húsnæðiskostnaði. Um 1 1/2 ársverk tengist starfsemi skólans. Vel hefur gengið að fá tónmenntakennara undanfarin ár.

Ekkert sérstakt húsnæði hefur fram til þessa verið fyrir starfsemina og hefur hún því farið fram í leiguhúsnæði hér og þar á staðnum. Vorið 1989 keyptu sveitarfélögin á svæðinu sameiginlega húsnæði, sem mun hýsa starfsemi skólans og íbúð fyrir skólastjóra. Nokkur óvissa ríkir um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í framtíðinni.

Helstu heimildir:

Munnlegar upplýsingar frá Guðmundi Óla Sigurgeirssyni og Hönnu Hjartardóttur oddvita á Klaustri.

Heilbrigðis- og öldrunarþjónusta

Heilsugæsla

Umrætt svæði er eitt heilsugæsluumdæmi og hefur heilsugæslustöð (H1) verið starfrækt á Kirkjubæjarklaustri frá árinu 1979.

Auk stöðu eins heilsugæslulæknis er 1 1/2 staða hjúkrunarfræðings og hlutastaða (62,5%) læknaritara við stöðina. Fullmannað er í þessar stöður að því frátöldu að ljósmóðir gegnir hálfri hjúkrunarfræðingsstöðu. Hlutastarf er við ræstingu á húsnæði stöðvarinnar.

Starfsfólk stöðvarinnar sinnir allri almennri læknisþjónustu á svæðinu, þ.e. meðhöndlun sjúkdóma og heilsuvernd. Þegar við á er þjónusta veitt í formi heimahjúkrunar.

Ýmis konar sérfræðiþjónusta er veitt tímabundið af aðkomufólki. Til dæmis starfar tannlæknir 3 - 4 vikur á ári og augnlæknir um eina viku á ári. Góð aðstaða er til tannviðgerða í heilsugæslustöðinni. Mikil þörf er á þjónustu sjúkraþjálfara, en illa hefur gengið að fá fólk til þeirra starfa undanfarið.

Heilsugæslustöðin er ábyrg fyrir sjúkraflutningum innan svæðis og út af því. Gildandi er samningur stjórnar heilsugæslustöðvarinnar við björgunarsveitina Kyndil á Klaustri um framkvæmd sjúkraflutninganna, sem í langbestum tilvikum fara landleiðina með bifreiðum. Björgunarsveitin leggur til tækjakost og mannaþa, en fær í staðinn greitt samkvæmt km-gjaldi. Að meðaltali eru um 20 - 30 flutningar á ári, þestir til Reykjavíkur, en nokkrir á Selfoss. Undanfarið hafa einungis verið farin 2-3 sjúkraflug á ári.

Lyfsala er starfrækt á heilsugæslustöðinni og er hún á vegum heilsugæslulæknis.

Opinber starfsemi

V-Skaftafellssýsla er aðili að Sjúkrahúsi Suðurlands á Selfossi. Fyrirhuguð er viðbygging langlegudeildar við sjúkrahúsið.

Samkvæmt reynslu sækir hluti íbúa Álftavers heilsugæsluþjónustu til Víkur í Mýrdal. Hluti íbúa í Örafum sækir samsvarandi þjónustu á Klaustur og algengt er að þjóðgarðsgestir í Skaftafelli leiti þangað bráðaþjónustu yfir sumarmánuðina.

Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum á núverandi fyrirkomulagi heilsugæslu á svæðinu á næstu árum. Tilkoma hjúkrunar- og dvalarheimilis aldraðra (1991-1994 standist áætlanir þar um) gæti þó haft einhverjar fyrirkomulagsbreytingar í för með sér.

Eins og áður kom fram er talin mikil þörf á þjónustu sjúkrapjálfa, enda mikið af fullorðnu erþöðisvinnufólki á svæðinu. Hugsanlega gæti orðið um fast hlutastarf að ræða, fáið viðeigandi fagaðili til að setjast að á staðnum. Þá hefur verið vakin athygli á mikilli þörf fyrir leiðbeiningar- og upplýsingaþjónustu á vegum Tryggingastofnunar ríkisins vegna sjúkrasamlags og til að upplýsa fólk um rétt á tryggingabótum af ýmsu tagi. Slik þjónusta var fyrir hendi á Klaustri til skamms tíma, en hana þarf nú að sækja til Víkur í Mýrdal eða þaðan af lengra.

Helstu heimildir:

Munnlegar upplýsingar frá Hauki Valdimarssyni heilsugæslulækni á Klaustri.

Dvalarheimili aldraðra

Frá árinu 1984 hefur verið rekið dvalarheimili aldraðra (Heiðarbær) á Klaustri. Um er að ræða einkarekstur sem byggist á daggjaldakerf Tryggingastofnunar ríkisins en er jafnframt studdur af sveitarfélögunum á svæðinu, sem meðal annars leggja til hluta húsnæðis undir starfsemi og greiða hluta af upphitunarkostnaði. Aðstaða er fyrir 12 vistmenn á heimilinu.

Tæplega 6 ársverk tengjast starfsemi og hafa þau fram til þessa verið unnin af ófaglærðu fólki. Talin er þörf á einni stöðu hjúkrunarfræðings við heimilið, til viðbótar þeim stöðum sem fyrir eru, en forsenda þess er að viðurkenning fái á hjúkrunargjaldi fyrir 3-4 vistmenn.

Reiknað er með að starfsemi Heiðarbæjar þytjist yfir í væntanlegt Hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra á Kirkjubæjarklaustri (sjá nánar kaða um Hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra).

Helstu heimildir:

Munnlegar upplýsingar frá Herði Davíðssyni forstöðumanni og Hönnu Hjartardóttur oddvita á Klaustri.

Leiguíbúðir aldraðra

Á Kirkjubæjarklaustri hafa verið reist 2 hús með samtals 8 leiguíbúðum fyrir aldraða. Hver íbúð getur rúmað 2 vistmenn. Að húsunum standa Kirkjubæjarhreppur og Hörgslandshreppur, og voru þau upphæpa fjármögnuð með beinum framlögum, láns- og

gjafafé. Rekstur húsanna er í höndum sérstakrar nefndar á vegum hreppsnefnda og búnaðar- og kvenfélaga þessara hreppa, en íbúar greiða mánaðarleigu sem standa á undir rekstrarkostnaði og hluta fjármagnskostnaðar. Allar íbúðirnar eru í notkun og er núverandi fjöldi vistmanna 11.

Helstu heimildir:

Munnlegar upplýsingar frá Hönnu Hjartardóttur oddvita á Klaustri.

Hjúkrunar- og dvalarheimili aldraðra

Undanfarin 4 ár hefur sameiginleg nefnd allra hreppanna unnið að undirbúningi að byggingu hjúkrunar- og dvalarheimilis aldraðra á Kirkjubæjarklaustri. Reiknað er með að tengja þessar byggingar við þegar byggð hús fyrir aldraða með sameiginlegri þjónustuálmú.

Fyrirhugað er að hefja byggingarframkvæmdir sumarið 1989 og taka fyrsta áfanga í notkun árið 1991. Áætlað er að ljúka byggingunni endanlega árið 1994. Er þá gert ráð fyrir að hjúkrunardeild rúmi 12 vistmenn, en dvalarheimili er hugsað fyrir 8 vistmenn. Reiknað er með að heimilið yfirtaki rekstur núverandi dvalarheimilis aldraðra á Klaustri (Heiðarbæjar).

Heildarfjöldi stöðugilda við stofnunina fullbúna getur orðið allt að 15. Þar af er gert ráð fyrir 4 hjúkrunarfræðingum, 3 sjúkraliðum, 1 framkvæmdastjóra, 1 skrifstofumanni, 3-4 í eldhúsi, 2 í ræstingu, svo og lækni í hlutastöðu. Auk þessa er gert ráð fyrir talsverðri félagslegri þjónustu.

Að frádregnum starfsmönnum Heiðarbæjar getur fjölgun stöðugilda á staðnum með tilkomu stofnunarinnar því orðið allt að 9.

Helstu heimildir:

Skriflegar og munnlegar upplýsingar frá Hönnu Hjartardóttur oddvita á Klaustri.

Annað

Póstur og Sími

Á Kirkjubæjarklaustri er starfrækt póst- og landsímastöð sem sinnir allri almennri póst- og talsímaþjónustu fyrir svæðið, að því undanskildu að síminn í Álftaveri og Skaftártungu er tengdur við sjálfvirku símastöðina í Vík í Mýrdal.

Póstferðir eru til og frá Reykjavík alla virka daga. Póstur er þokkaður á Kirkjubæjarklaustri og borin út samdægurs í þéttbýlið en ekið út í sveitirnar þrisvar í viku.

Við stöðina á Kirkjubæjarklaustri eru 2 ¹/₂ stöðugildi, en verktakar sjá um póstdreiðingu í sveitunum og póstflutninga til og frá Vík og fá greitt eftir km-gjaldi. Eins og er skiptast þessir flutningar á 3 aðila sem búsettir eru á og í næsta nágrenni við Kirkjubæjarklaustur og samsvarar þessi vinna 1 - 1 ¹/₂ ársverki.

Opinber starfsemi

Allt viðhald og eftirlit á símakerþnu er framkvæmt af utanaðkomandi aðilum, frá Vík, Helli og Selfossi. Gróþega áætlað samsvarar sú vinna 1 1/2 ársverki.

Engar meiriháttar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á vegum stofnunarinnar á næstu árum og ekki er heldur gert ráð fyrir verulegum breytingum á rekstrarfyrirkomulagi. Stöðugt vaxandi sumarviðskipti, samhlíða fjölbreytni í þjónustu á pósthúsinu gæti þó á næstu árum skapað þörf fyrir að minnsta kosti 1/2 stöðugildi yfir sumarmánuðina.

Helstu heimildir:

Munnlegar upplýsingar frá Elínu Valdimarsdóttur símstöðvarstjóra á Klaustri.

Rafmagnsveitur ríkisins

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um mest alla dreifingu raforku á svæðinu. Raforkan er keypt af Landsvirkjun í aðveitustöð Byggðalínu við Prestbakka á Síðu, en annar aðflutningsmáti er eftir 19 kV línu frá Vík í Mýrdal. Aðflutningsleiðir raforku inn á svæðið eru því þrjár, en þar að auki er möguleiki til framleiðslu á varaþæpi í dieselstöð Rafmagnsveitnanna á Klaustri. Framleiðslugeta stöðvarinnar er um 0,7 MW, en meðal orkunotkun svæðisins er nú um 1,8 MW. Heildarafkastageta aðveitustöðvarinnar á Prestbakka er um 10 MW, þannig að framboð raforku er ekki takmarkandi þáttur í möguleikum atvinnuuppbyggingar á svæðinu.

Upphæþega voru allar dreiflínurnar byggðar með einum vír, þ.e.a.s. að jörðin er notuð sem annar leiðarinn. Þessi útfærsla hefur reynst miður vel meðal annars vegna lélegra jarðskautsmöguleika á svæðinu og er nú þegar lokið við að tví- eða þrívíra hluta línukerþsins (mynd 17). Þrívírun gefur möguleika á þriggja fasa rafmagni og hafa 5/8 hlutar jarða á svæðinu nú möguleika á því. Stefnt er að sambærilegum breytingum á öllu kerþnu, en vegna lágra framlaga til styrkingar raþína í sveitum er viðbúið að sú breyting taki mörg ár.

Fyrirhuguð er bygging á nýju rafstöðvar- og aðveitustöðvarhúsi á Kirkjubæjarklaustri, en óvíst er um tímasetningu á þeirri framkvæmd.

Einn rafvirki er í fullu starþ við veituna og á tímabilum, þegar framkvæmdir eru með meira móti, hefur einn línumaður starfað jafnframt. Auk þessa er einn starfsmaður fyrirtækisins með aðsetur á Kirkjubæjarklaustri, þótt verksvið hans tengist að mestu starfsemi fyrirtækisins á landsvísu.

Helstu heimildir:

Munnlegar upplýsingar frá Örlygi Jónassyni rafveitustjóra á Hvolsvelli.

þjónusta dýralæknis

Dýralæknir hefur aðsetur á Kirkjubæjarklaustri og þjónar hann öllu svæðinu sem jafnframt er eitt dýralæknisumdæmi. Eins og er sinnir dýralæknirinn jafnframt sæðingum á svæðinu fyrir kynbótastöð Búnaðarsambands Suðurlands, en væntanlega er það fyrirkomulag til bráðabirgða. Sæðingar á þessu svæði eru taldar jafngilda um 1/2 starþ.

42 Vestur-Skaftafellssýsla austan Mýrdalssands

Helstu heimildir:

Munnlegar upplýsingar frá Gunnari Þorkelssyni héraðsdýralækni á Klaustri.

Veðurstofa Íslands


Tvær veðurathugunarstöðvar eru á svæðinu, á Klaustri, þar sem veðurathuganir eru á þriggja tíma fresti allan sólarhringinn, og í Norður-Hjáleigu í Álftaveri, þar sem veðurathuganir eru sex sinnum á sólarhring. Auk þessa eru gerðar úrkomumælingar einu sinni á dag á Snæbýli í Skaftártungu. Til samans er um 1^{1/2} starf við veðurathuganir á þessum þremur stöðum.

Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi veðurathugana á svæðinu á næstu árum.

Helstu heimildir:

Munnlegar upplýsingar frá starfsm. Veðurstofu Íslands (Adda Bára Sigfúsdóttir).

Háspennulínur



Vita- og hafnamálastofnun

Engin höfn er á svæðinu, en starfsemi stofnunarinnar felst í rekstri á þremur vitum, við Alviðru í Álftaveri, á Skarðsfjöru og við Skaftárós í Meðallandi. Engar meiri háttar framkvæmdir eru fyrirhugaðar við vitana á næstu árum.

Mest allt viðhald við vitana er framkvæmt af starfsmönnum stofnunarinnar í Reykjavík, en tveir heimamenn sjá um reglulegt eftirlit með þeim. Samsvarar sú vinna 1 - 1 1/2 ársverki.

Ekki eru fyrirhugaðar neinar meiriháttar breytingar á núverandi rekstrarfyrirkomulagi á næstu árum.

Helstu heimildir:

Munnlegar upplýsingar frá starfsm. stofnunarinnar (Guðjón Scheving og Ingibjörg Vilhjálmsdóttir).

Flugmálastjórn

Enginn áætlunarflugvöllur er á svæðinu. Á Klaustri er flugvöllur sem fellur undir þökkunina „aðrir flugvellir“ og í Álftaveri er völlur sem fellur undir þökkunina „landingarstaðir“. Í Meðallandi er völlur sem ekki er fyrirhugað að viðhalda í framtíðinni.

Á Klaustri er 800 m flugbraut. Reist hefur verið hús við brautina og lögð raðina að vallarsvæðinu. Að mati Flugmálastjórnar þarf að lengja flugbrautina í 1000 m og fullgera öryggissvæði. Unnið slitlagsefni vantar á brautina og skyndiljósabúnað. Í Álftaveri er 700 m flugbraut, sem að mestu hefur verið endurbyggð. Lengja þarf brautina í 1000 m.

Hlutdeild heimamanna við flugvallarframkvæmdir er mjög takmörkuð, að frátaldri tækjavinnu við jarðvegsflutninga. Eftirlit og viðhald er í höndum umdæmisstjóra í umdæmi I, sem hefur aðsetur í Reykjavík. Einn heimamaður hefur óverulegt hlutastarf við daglegt eftirlit með flugvellingum á Klaustri. Engar frekari starfsmannaráðningar eru fyrirhugaðar í tengslum við þessa flugvelli.

Helstu heimildir:

Skriflegar og munnlegar upplýsingar frá Flugmálastjórn (Ólafur Bjarnason).

Þjóðkirkjan

Svæðinu er skipt í 2 prestaköll. Kirkjubæjarklaustursprestakall nær yfir Hörgslandshrepp og Kirkjubæjarhrepp, að undanskildum einum bæ (Skaftárdal), sem tilheyrir Ásaprestakalli. Prestakallið skiptist í tvær kirkjusóknir, en kirkjur eru á Prestbakka á Síðu og á Kálfafelli í Fljótshverf. Nýleg minningarkapella um Jón Steingrímsson eldklerk er á Kirkjubæjarklaustri. Þá er ótalið bænahús á Núpsstað í Fljótshverf og óvígð kapella í Þykkvabæ í Landbroti. Til Ásaprestakalls heyra Leiðvallarhreppur, Skaftártunga og Álftaver, en ein kirkja er í hverjum þessara hreppa, hver með sína kirkjusókn. Allt almennt viðhald á mannvirkjum þjóðkirkjunnar er framkvæmt af ýmsum tilfallandi aðilum á svæðinu.

Opinber starfsemi

Prestsetur eru á Kirkjubæjarklaustri og í Ásum í Skaftártungu.

Undanfarin ár hafa öðru hvoru heyrst raddir frá viðkomandi yfirvöldum um sameiningu prestakallanna, meðal annars vegna breyttra forsendna í samgöngumálum, en engar ákvarðanir eru fyrirbyggjandi í þeim efnum.

Helstu heimildir:

Munnlegar upplýsingar frá Guðmundi Óla Sigurgeirssyni og Hönnu Hjartardóttur oddvita á Klaustri.

II. Með alla starfskrafta utan héraðs

Vegagerð ríkisins

Starfsmenn Vegagerðar ríkisins í Vík í Mýrdal sinna allri daglegri þjónustu Vegagerðarinnar á svæðinu. Um 200 km af um 250 km, eða um 80% af stofn- og þjóðbrautum Víkur-umdæmis, eru innan svæðisins. Fimm stöðugildi eru hjá Vegagerðinni í Vík í Mýrdal auk brúarvinnuþokks sem sinnir verkefnum í öllu kjördæminu.

Helstu heimildir:

Munnlegar upplýsingar frá starfsm. Vegagerðar ríkisins á Selfossi (Sigurþinnur Sigurðsson).

Embætti sýslumanns

Vestur-Skaftafellssýsla er eitt lögsagnarumdæmi, en eins og fram kemur í kaþa um mannfjölda eru íbúar svæðisins rúmur helmingur sýslubúa. Sýslumaður situr í Vík í Mýrdal og er öllum störfum embættisins, að undanskildu starþ eins héraðslögreglumanns, sinnt þaðan. Við sýslumannsembættið í Vík starfa 4 - 5 manns auk eins manns í föstu starþ lög-
regluþjóns og annars í stöðu héraðslögreglumanns.

Ein staða héraðslögreglumanns er á Klaustri. Vegna mikillar fjarlægðar í löggæsluútgærd til beggja átta (81 km til vestur og 207 km til austurs) og sívaxandi ferðamannafjölda að sumri er að áliti heimamanna mjög knýjandi að hafa lögreglumann í föstu starþ með aðsetur á Klaustri.

Helstu heimildir:

Munn. upplýsingar frá starfsm. Sýsluskrifstofunnar í Vík í Mýrdal (Helga Ólafsdóttir).

Landsvirkjun

Starfsemi Landsvirkjunar á svæðinu felst í rekstri aðveitustöðvar við Prestbakka á Síðu, svo og í rekstri á 132 kV línun sem frá henni liggja í báðar áttr (Byggðalínan). Nær öllu viðhaldi og eftirliti er sinnt af starfsmönnum Landsvirkjunar í Reykjavík.

Engar meiriháttar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á vegum Landsvirkjunar á svæðinu á næstu árum.

Helstu heimildir:

Munnlegar uppl frá starfsm. Landsvirkjunar í Reykjavík.

Opinber þjónusta - niðurstöður

Ekki er að vænta neinna verulegra breytinga á næstu árum á þeim opinberu þjónustugreinum sem hafa fasta starfsmenn á svæðinu. Þær lítilvægu breytingar sem fyrirsjáanlegar eru munu því sem næst vega hverja aðra upp með tilliti til fjölda stöðugilda. Hins vegar mun tilkoma nýs hjúkrunar- og dvalarheimilis aldraðra á Klaustri skapa forsendur fyrir allt að 9 nýjum störfum.

Athuga þarf möguleika á tilflutningi þjónustustarfa, sem byggjast á starfsemi innan svæðis en er sinnt annars staðar frá (sjá nánar einstaka kaða um þjónustugreinar). Allnokkur þessara starfa virðast þess eðlis að tilflutningur geti verið raunhæfur, sé áhugi viðkomandi ráðamanna fyrir hendi. Auk þess gefur síaukin fjarskiptatækni vonir um möguleika aðila á landsbyggðinni til ýmis konar gagnavinnslu sem hingað til hefur nær eingöngu tengst starfsemi á höfuðborgarsvæðinu.

6 STARFSEMI SVEITARFÉLAGA

Þjónusta

Mikið samstarf er með öllum hreppunum 5 á svæðinu. Áður hefur verið greint frá sameiginlegri aðild allra hreppanna að rekstri grunnskóla, þskeldisskóla, tónlistarskóla, heilsugæslustöðvar og dvalarheimilis aldraðra. Auk þessa eru allir hrepparnir aðilar að Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga og þar með aðilar að rekstri Fræðsluskrifstofu Suðurlands, embættis heilbrigðisfulltrúa og iðnráðgjafa. Sem hluti V-Skaftafellssýslu eru hrepparnir aðilar að rekstri Sjúkrahúss Suðurlands á Selfossi.

Sameiginlega standa allir hrepparnir nema Álftavershreppur að rekstri slökkviliðs, sem hefur aðsetur á Kirkjubæjarklaustri. Álftavershreppur er hins vegar aðili að slökkviliði í Vík í Mýrdal.

Kirkjubæjar- Hörgslands- og Leiðvallarhreppar ráða sameiginlega byggingarfulltrúa til starfa, og hefur hann nú aðsetur á Klaustri. Um óverulegt hlutastarf er að ræða. Skaftártunguhreppur og Álftavershreppur eru aðilar að embætti byggingarfulltrúa í Vík í Mýrdal.

Hörgslands-, Kirkjubæjar- og Skaftártunguhreppar eru allir aðilar að Iðnþróunarsjóði Suðurlands.

Eins og fram kemur í kaþanam um öldrunarþjónustu standa Hörgslands- og Kirkjubæjarhreppar sameiginlega að rekstri á íbúðum aldraðra á Klaustri. Auk þess eiga þessir hreppar sameiginlega félagsheimilið Kirkjuhvol á Kirkjubæjarklaustri. Ungmennafélagið Ármann, sem starfar í báðum hreppunum, sér um rekstur félagsheimilisins.

Veitt er heimilishjálpi í Kirkjubæjar-, Leiðvallar- og Skaftártunguhreppum, þar sem þörf er á og fer umfang því eftir aðstæðum á hverjum tíma. Eins og er jafngildir þessi þjónusta $1/2$ starf í Kirkjubæjarhreppi, en aðeins er um hlutastarf að ræða í hinum tveimur hreppunum.

Kirkjubæjarhreppur hefur frá árinu 1973 rekið dagheimili á Klaustri, en næstu tvö árin þar á undan var dagheimili rekið á vegum starfsmanna Kirkjubæjarskóla. Haustið 1988 var tekið í notkun nýtt 128 m^2 húsnæði undir starfseminum, en fram til þess tíma hafði starfsemin þækst á milli ýmissa húsa á staðnum. Heimilið er starfrækt mánuðina september - maí. Veturinn 1988-1989 voru 20 börn vistuð á heimilinu og vinnan jafngildir $2 1/2$ starf þann tíma sem heimilið starfar.

Sorphirðing fer fram vikulega á Klaustri og er hún framkvæmd af verktaka. Vinna við holræsi á Klaustri er framkvæmd af verktökum, en gatnagerð er að mestu á vegum annarra aðila þ.e. Vegagerðar ríkisins og Sýsluvegasjóðs (v/ færri en 300 íbúar).

Starfsemi sveitarfélaga

Yfir sumarið stendur Kirkjubæjarhreppur fyrir unglingavinnu og hefur einn starfsmann í vinnu í tengslum við það um 2 ¹/₂ mánuð á ári. Undanfarin ár hafa um 7 unglingar verið við vinnu.

Eins og fram kemur í kaþa um ferðamannaþjónustu er rekstur upplýsingaþjónustu og tjaldstæðis á vegum Kirkjubæjarhrepps frá 15. júní - 15. ágúst ár hvert.

Vatnsveita á Klaustri er í höndum hlutafélags ýmissa aðila á staðnum, þar á meðal Kirkjubæjarhrepps. Hlutafélag er einnig um vatnsveitu í Leiðvallarhreppi og gerð hefur verið áætlun um vatnsveitu í Álftaveri.

Af ótaldri starfsemi hreppanna má nefna fjallskil hjá hverjum fyrir sig, að Leiðvallarhreppi frátöldum, og viðeigandi rekstur gangnamannahúsa og girðingaviðhald. Félagsheimili eru rekin í Leiðvallar-, Skaftártungu- og Álftavershreppum.

Helstu heimildir:

Munnlegar uppl frá öllum oddvitum svæðisins.


Sameining

Í samræmi við miklar umræður í þjóðfélaginu á undanförunum árum um sameiningu sveitarfélaga, er eðlilegt að velta því upp, hvort sameining sveitarfélaga á svæðinu sé æskileg.

Núverandi hreppaskipan hefur verið óbreytt allt frá árinu 1892. Fyrir þann tíma voru hrepparnir á svæðinu aðeins tveir, þ. e. Kleifahreppur (nú Hörgslandshreppur og Kirkjubæjarhreppur) og Leiðvallarhreppur hinn forni (nú Leiðvallarhreppur, Skaftártunguhreppur og Álftavershreppur)

Fyrir liggur að innan tíðar verður Álftavershreppur lögum samkvæmt að sameinast nágrennasveitarfélagi, þar sem íbúatala hreppsins hefur nú í nær 3 ár verið lægri en 50 (mynd 18). Eins og fram kemur í grein um starfsemi sveitarfélaga hér að framan, eru allir meginþættir í starfsemi Álftavershrepps (rekstur skóla, heilsugæsla, öldrunarþjónusta o.þ.) í samvinnu við aðra hreppa í V-Skaftafellssýslu, austan Mýrdalssands. Líklegt verður því að teljast, að Álftveringar leiti fremur eftir sameiningu við hreppa austan Mýrdalssands en vestan.

Mynd 18



Augljóst er, að sameining tveggja fámennra hreppa leysir engan vanda, utan þess að fullnægja skyldu laganna, enda ekkert líklegra en að 50 íbúa lágmarkið verði hækkað fyrr eða síðar. Vegna fámennis og landfræðilegrar afmörkunar hlýtur sameining allra hreppanna þann því einkum að koma til álita þegar kostir sameiningar eru metnir.

Sé reynt að meta þann ávinning sem vænta má af sameiningu hreppanna, ber fyrst að nefna þá staðreynd að smæð hreppanna gerir þeim í mörgum tilvikum örðugt að takast á hendur þau verkefni sem þeim er ætlað að leysa af hendi. Gert er ráð fyrir verulegum tilflutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga á næstu árum og miklu skiptir að sveitarfélögin verði þess megnug að takast þau á hendur. Með því myndu skapast ný störf í byggðarlaginu, auk þess sem vænta mætti betri þjónustu fyrir íbúanna. Þá er einnig ljóst að sveitarstjórnarmenn í byggðarlaginu verða á næstu árum að leggja sérstaka vinnu í atvinnu- og byggðamál, en þar sem þeir, þar með taldir oddvitar, eru þestir jafnframt bændur eiga þeir oft ekki heimangengt til sívaxandi starfa út á við. Við sameiningu gætu skapast forsendur fyrir að minnsta kosti einn aðila á svæðinu að sinna sveitarstjórnarstörfum í fullu starði. Jafnframt skapaðist grundvöllur fyrir rekstri skrifstofu, með venjulegum opnunartíma, er tryggð greiðari samskipti við ýmsa opinbera aðila heldur en nú er. Hvort tveggja ætti að tryggja betur hagsmuni sveitarfélaganna út á við í sívaxandi hagsmunasamkeppni á þestum sviðum.

Ekki er að vænta breytinga á tekjum eða rekstrargjöldum sveitarfélaganna við sameiningu miðað við svipað umfang verkefna, enda er nú þegar um verulegan samrekstur á mörgum sviðum að ræða. Hins vegar má vænta einhvers ávinnings af hagræðingu innri málefna svæðisins.

Vegna óvissu um úthlutunarreglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á næstu árum er óvarlegt að fullyrða um ávinning af sameiningu hvað þetta varðar. Ef tekið er mið af viðhorfum félagsmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga á undanfönum árum má þó ætla að reglur hvetji fremur til sameiningar en hitt.

Starfsemi sveitarfélaga

Í nágildandi sveitarstjórnarlögum er gert ráð fyrir fjárhagslegri aðstoð úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Samkvæmt almennum reglum, sem settar hafa verið þar um, getur félagsmálaráðuneytið veitt slíka aðstoð með eftirgreindum hætti:

1. Með greiðslu upphæðar sem að mati ráðuneytisins samsvarar eðlilegum kostnaði sveitarfélaga við undirbúning og framkvæmd sameiningar.
2. Með greiðslu aðkeyptrar vinnu við undirbúning og framkvæmd sameiningar, þ.m.t. vinna við reikningsuppgjör og sameiningu á bókhaldi.
3. Með greiðslu sérstaks framlags til að jafna skulda- og rekstrarstöðu sveitarfélaga við sameiningu.
4. Með þátttöku í launakostnaði í allt að fjögur ár vegna ráðningar framkvæmdastjóra.

Við nýlega sameiningu 5 hreppa í A-Barðastrandarsýslu komu þessar reglur til framkvæmda og má því ætla að svipaður stuðningur yrði veittur, kæmi til sameiningar ofanefndra sveitarfélaga.

Af greinanlegum ókostum sameiningar má nefna hættu á að minnstu héraðseiningarnar nái ekki fulltrúum í nýrri sveitarstjórn. Í því efni er þess að geta að hagsmunir héraðseininganna fara í þestum málum saman og auk þess er ljóst að þéttbýlið á Klaustri annars vegar og aðliggjandi sveitabyggð hins vegar geta ekki án hvors annars þriðst.

Í sameiningarumfjöllun annars staðar á landinu hafa fjallskilamál iðulega verið eitt af erþöu málunum. Að Leiðvallarhreppi frátöldum standa allir hrepparnir að fjallskilum, að mestu hver í sínu lagi. Með stofnun og rekstri sérstakra fjallskilafélaga fyrir hvert svæði ætti að vera mögulegt að leysa þessi verkefni ágreiningslaust.

Þar sem núverandi hreppaskipan á sér allanga sögu, og því ef til vill nokkuð djúpar rætur í vitund sumra íbúa, gæti myndun nýrrar og stærri félagsheildar orðið einhverjum vandkvæðum háð. Ólíklegt verður þó að teljast að hér geti orðið um meiriháttar vandamál að ræða, einkum þar sem forsendur stærri félagsheilda eru nú mun betri en áður vegna bættra samgangna.

Þá má spyrja, hvort ekki megi auka eða breyta samvinnu hreppanna á þann veg að jafngildi kostum sameiningar. Með þessu móti yrði svæðið væntanlega af verulegri fyrirgreiðslu úr Jöfnunarsjóði vegna sameiningarinnar sem slíkrar. Auk þess er hætt við að slíkt fyrirkomulag yrði þyngra í vöfum og ekki eins varanlegt.

Á heildina litið verður af ofansögðu að álykta að sameining allra hreppa á svæðinu sé æskileg og jafnframt líkleg til að verða svæðinu til aukins framdráttar á komandi árum.

Helstu heimildir:

Munnlegar upplýsingar frá öllum oddvitum svæðisins.

Skriflegar og munnlegar upplýsingar frá félagsmálaráðuneyti (Húnbogi Þorsteinsson).

Munnlegar upplýsingar frá starfsmanni SASS (Hjörtur Þórarinnsson).

Starfsemi sveitarfélaga

7 ÝMIS STARFSEMI

Ferðapjónusta

Ferðapjónusta á svæðinu er nær eingöngu bundin við Kirkjubæjarklaustur og næsta nágrenni. Staðurinn er vel í sveit settur með tilliti til ferðamannapjónustu. Ferðalag milli Reykjavíkur og Kirkjubæjarklausturs er mjög hæpelig dagleið fyrir ferðafólk og tiltölulega langt er í sambærilega gistaðstöðu til beggja átta. Staðurinn er almennt rómaður fyrir náttúrufegurð og veðursæld. Af þessum sökum hefur grundvöllur skapast fyrir líþegri ferðamannapjónustu yfir sumarmánuðina, þrátt fyrir að tiltölulega lítið haþ verið gert til að auglýsa staðinn sérstaklega sem ferðamannastað.


Hótelstarfsemi á Kirkjubæjarklaustri á sér áratugalanga sögu. Undanfarin ár hefur Ferðaskrifstofa ríkisins rekið þar Eddu-hótel, sem hefur þá sérstöðu að vera eina Eddu-hóтелиð sem rekið er árið um kring. Haustið 1987 yfirtók Ferðaskrifstofa Íslands hf. rekstur Ferðaskrifstofu ríkisins. Rekstrarfyrirkomulag er óbreytt frá því sem verið hefur undanfarin ár, enn sem komið er.

Ferðaskrifstofa Íslands hf. hefur á leigu allar húseignir sem hlutafélagið Hótel Bær hf. á. Um er að ræða gamalt gistihús (byggt 1938) með 11 herbergjum, með samtals 20 rúmum og veitingaaðstöðu. Jafnframt á hlutafélagið 3 nýleg hús með gistaðstöðu fyrir samtals 36 manns í 18 herbergjum. Fyrsta gistiálman (10 herbergi) var byggð árið 1980, önnur (12 herbergi) árið 1982 og sú þriðja (14 herbergi) árið 1987.

Yfir sumarmánuðina hefur Ferðaskrifstofa ríkisins haft mest allt húsnæði Kirkjubæjarskóla á leigu undir starfsemina. Um er að ræða veitingaaðstöðu, 18 herbergi með samtals 36 rúmum, skólastofur nýttar sem svenpokapláss, aðstöðu til þvotta o.þ. Auk þessa hefur Ferðaskrifstofa ríkisins stundum leigt íbúðarhúsnæði á staðnum yfir hásumarið og nýtt sem gistaðstöðu fyrir ferðamenn eða starfsfólk.

Yfir sumarmánuðina fer öll veitingasala fram í mötuneyti skólans, en þyst í gamla gistihúsið yfir vetrarmánuðina.


Allt tiltækt gistirými er nýtt til útleigu yfir hásumarið. Mánuðina júlí og ágúst 1988 voru samtals 65 herbergi til útleigu, með samtals 126 rúmum, en auk þess var boðið upp á svefnpokapláss. Yfir veturinn er gistirými í gamla gistihúsinu lítið sem ekkert notað og hluti nýju gistiálmana hefur undanfarin ár verið í fastri leigu, nú síðast fyrir nemendur Fiskeldis-skólans og einnig fyrir starfsemi tónlistarskóla. Tiltækt gistirými hótelsins fyrir gesti veturinn 1988 - 1989 var samtals 60 rúm í 31 herbergi.



Undanfarið ár hefur herbergjanýting verið mjög góð yfir hásumarið og iðulega flurft að vísa gestum frá. Yfir veturinn snýst dæmið við, og yfir háveturinn stendur reksturinn vart undir sér. Allra síðustu ár hefur mátt merkja hægfara breytingu í átt til lengingar á því tímabili sem nýting telst viðunandi (sjá myndir 19 og 20).

Mynd 20


HERBERGJAFJÖLDI OG NÝTING



Hótel Bær hf. hyggur á næstunni á nokkrar endurbætur á núverandi húsnæði, en til framtíðar litið er stefnt á byggingu þjónustuálmnu við gistiálmurnar þrjár sem þegar hafa verið reistar. Reiknað er með tveggja hæða húsi með veitingaaðstöðu, fundarsölum og setustofum. Til greina kemur þó að bæta við gistirými áður en til þessa kemur, þar sem slík fjárfesting skilar sér mun fyrr og styrkir jafnframt grunninn til byggingar þjónustuálmunnar. Ekki er reiknað með að framkvæmdir hefjist fyrr en í fyrsta lagi eftir 2 - 3 ár.

Fastir starfsmenn, sem starfað hafa við hótelið allt árið, hafa yfirleitt verið 3. Með tilkomu skólahúsnæðisins um mánaðamót maí/júní ár hvert fjölgar starfsfólkinu hins vegar verulega. Sumarið 1988 voru starfsmenn þestir frá byrjun júlí og fram undir miðjan ágúst, samtals 27 (mynd 21). Starfsmenn með heilsársbúsetu á svæðinu voru þestir 12 eða um 44%. Starfsmenn með vetraraðsetur annars staðar en með lögheimili á svæðinu voru þestir 9 eða um 33%, en afgangurinn rúm 20% var aðkomufólk.

Stafsfolk h6tel Eddu, Klaustri sumari6 1988



Yprstjórn og öll markaðsvinna, svo og verulegur hluti bókhaldsvinnu vegna h6telstarfseminnar fer fram í höfuðstöðvum Ferðaskrifstofu Íslands í Reykjavík. Astæða er til að athuga sérstaklega grundvöll fyrir tilfærslu þeirrar starfsemi heim í hérað, einkum með tilliti til nútíma fjarskiptamöguleika.

Frá árinu 1983 hefur upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn verið starfrækt á Klaustri frá 15 júní - 15 ágúst ár hvert. Rekstur þjónustunnar er á vegum ferðamálanefndar Kirkjubæjarhrepps og tengist rekstri á tjaldstæðum við Kleifa, sem rekin hafa verið jafn lengi og upplýsingaþjónustan. Tjaldstæðið rúmar samtímis 40 - 50 tjöld, en auk þess er verulegt pláss fyrir hjólhýsi og tjaldvagna. Nákvæm skráning á fjölda gistinguátta liggur ekki fyrir, en eftirfarandi tölur eru fundnar út frá innkomu á tjaldstæðinu árin 1986-88:

1986: 3.200 1987: 3.000: 1988: 2.550

Ferðaþjónusta á vegum bænda hefur náð að festa rætur í næsta nágrenni við Klaustur. Nánar er fjallað um þessa starfsemi í kaþanam um landbúnað.

Af öðrum tölulegum upplýsingum um fjölda ferðamanna er helst að nefna fjölda farþega sérleyþshafa og umferðartalningu Vegagerðar ríkisins. Úr tölum um farþega fjölda frá sérleyþshafa er ekki hægt að greina frá þá farþega sem verða eftir á svæðinu. Til viðmiðunar má þó nefna að árið 1986 var heildarfjöldi farþega um 4.600 á leiðinni Reykjavík - Höfn - Reykjavík, og eru þá undanskildir farþegar að og frá Hvolsvelli. Samkvæmt umferðartalningu Vegagerðar ríkisins 1988 var meðal „sumardagsumferð“ við vesturjaðar svæðisins 292 bílar, en 172 við austurjaðar. Samsvarandi umferð var 207 bílar austan við Klaustur en 423 vestan Klausturs. Meðal „ársdagsumferð“ er á sömu stöðum að jafnaði nærri helmingi minni.

Helsti vandi ferðamannaþjónustunnar er, eins og víðast hvar annars staðar, hve stuttur ferðamannatíminn er. Algengustu leiðir til að lengja ferðamannatímann tengjast gjarnan góðri aðstöðu til ráðstefnu- og fundahalda af ýmsu tagi. Á starfstíma skólans er slík aðstaða ekki til staðar á vegum hótelsins nema að mjög takmörkuðu leyti.

Þar er hins vegar um mjög mikla fjárfestingu að ræða, sem út af fyrir sig skilar sér seint þó að óbeinn ávinningur af henni geti orðið mikill. Nauðsynlegt er því að framkvæmdin verði að sem mestu leyti fjármögnuð með hlutafé. Ekki væri óeðlilegt að opinberir aðilar kæmu þar til skjalanna þar sem verið væri að leggja grunninn að vaxandi atvinnugrein.

Margt bendir til að þestir ferðamenn sem gista á Klaustri dvelji þar fremur stutt og svo virðist sem lítið hafi verið gert til að laða að ferðamenn til lengri dvalar.

Forsenda mikils árangurs í tilraunum til að lengja ferðamannatímann er fyrst og fremst áðurnefnd viðbygging við gistirými það sem fyrir er .

Takist að auka hlutfall ferðamanna sem dvelja lengri tíma á staðnum skapast þörf fyrir aukna afþreyingu og þar með frekari grundvöllur til atvinnuuppbyggingar í tengslum við ferðamannaþjónustu.

Sem dæmi um möguleika á frekari þjónustu við ferðamenn en nú er má nefna skipulegar ferðir á eftirtektarverða staði á svæðinu. Samkvæmt nýlegri könnun á ferðavenjum útlendinga á Íslandi (Björn Lárusson 1989) eyða þestir þeirra tíma sínum hér á landi í skoðunarferðir. Nú þegar eru allmargir staðir á svæðinu þekktir sem slíkir, en af nógu öðru er að taka í einstaklega fjölbreyttri náttúru svæðisins. Sumarið 1989 er fyrirhugað að hafa daglegar áætlunarferðir frá Klaustri inn að Lakagígum yfir mesta ferðamannatímann, en tilraun var gerð með þessar ferðir sumarið 1988. Sú starfsemi er á vegum utanaðkomandi aðila, en gert er ráð fyrir að starfsmaður verði heimamaður. Skipulagðar ferðir með ferðafólk á hestum fara stöðugt vaxandi og ættu ekki síður að geta gengið á þessu svæði en öðrum. Á vegum utanaðkomandi aðila eru nú þegar skipulagðar slíkar ferðir, þar sem hóparnir koma Fjallabaksleið og síðan austur Síðuheiðar og jafnvel inn í Laka.

Aðstaða til golþðkunar í nágrenni Kirkjubæjarklausturs væri líkleg til aðdráttarþs fyrir töluverðan hóp ferðamanna. Rekstur slíkrar aðstöðu í tengslum við veiðimennsku í ám og vötnum á sér fordæmi sem gefur tilefni til bjartsýni.

Æskilegt væri að tengja ferðamannaþjónustuna og sölu veiðileyfa betur saman en nú er.

Bílaleiga var starfandi á Klaustri til skamms tíma en hætti starfsemi árið 1988 þar sem ekki var talinn rekstrargrundvöllur meðal annars vegna skorts á tengslum við aðra ferðamannaþjónustu. Kanna þyrfti grundvöll til að endurvekja þessa þjónustu og þá jafnvel í samvinnu við bílaleigur annars staðar á landinu. Með samvinnu af því tagi gæti skapast möguleiki til að skilja bíla eftir annars staðar en á tókustað, en slíkt fyrirkomulag verður stöðugt algengara í þjónustu bílaleiga.

Ýmis starfsemi

Ef marka má niðurstöður nýlegrar könnunar á ferðavenjum útlendinga á Íslandi (Björn Lárusson 1989) er ef til vill meiri þörf fyrir tjaldstæði yfir hásumarið en margir hafa ætlað hingað til. Hugmyndir eru um frekari uppbyggingu á áðurnefndu tjaldstæði við Kleifa, jafnvel í tengslum við nærliggjandi íþróttastöðu. Jafnframt mætti athuga möguleika á rekstri á öðru tjaldstæði hjá Klaustri, ef til vill nær þéttbýlinu. Jafnframt þyrfti að auglýsa þessa aðstöðu rækilega ekki síður en aðra ferðaþjónustu.

Ef vel ætti að vera þyrfti að skapa aðstöðu fyrir þjónustumiðstöð sem næst Skaftárskála við Þjóðveg nr.1. Í tengslum við slíka aðstöðu þyrfti að koma sérvörslun með ferðamannavörur og sala á skyndibitum, en augljós þörf virðist fyrir slíka þjónustu yfir sumarmánuðina.

Gamlar hugmyndir um byggingu listasafns á Klaustri, er einkum hefði að geyma listaverk eftir fræga listamenn tengda staðnum, myndu án efa auka aðdráttaraþ staðarins yrðu þær að veruleika.

Ljóst er að vöxtur í ferðamannaþjónustu og aukning á afþreyingarmöguleikum á Klaustri og nágrenni myndi styrkja grundvöll rekstrar þess merka framtaks sem upplýsingaþjónusta fyrir ferðamenn á Kirkjubæjarklaustri er.

Þrátt fyrir hagstæðar aðstæður er óráðlegt að ætla að ferðamannastraumur til svæðisins haldi áfram að aukast í sama mæli og verið hefur, án þess að sérstaklega verði unnið í því að laða ferðamenn að og skapa þeim afþreyingarmöguleika á staðnum. Við núverandi aðstæður er tiltölulega lítið upp á að bjóða sem sérstaklega er hugsað fyrir ferðafólk utan gistingar og matsölu.

Samhliða frekari uppbyggingu gistirýmis og tilheyrandi aðstöðu má því gera ráð fyrir að auka flurþ fjölbreytni afþreyingar fyrir ferðafólk. Jafnframt þarf að halda áfram að auglýsa svæðið á viðeigandi vettvangi til að viðhalda þeirri jákvæðu ímynd sem svæðið hefur nú þegar í þessu tilliti.

Þar sem ferðamannaþjónusta er einn af helstu vaxtarbroddum í atvinnuliþ svæðisins, væri ástæða til að framkvæma faglega úttekt á stöðu þeirra mála og útfæra nánar einstakar tillögur um æskilega uppbyggingu. Með því móti aukast líkur á skynsamlegri ákvarðanatöku og rétttri forgangsröð verkefna.

Helstu heimildir:

Gistináttaskýrslur Hagstofu Íslands.

Umferðarbanki Vegagerðar ríkisins

1988.

Munnlegar upplýsingar frá Margréti Ísleifsdóttur hóteltjóra, Hönnu Hjartardóttur oddvita, Valgeir Inga Ólafssyni og þeimur á Klaustri.

Verslun

Lengst af hefur mest öll verslun á svæðinu verið á vegum Kaupfélags Skaftfellinga. Í ágúst 1988 hætti félagið hins vegar öllum rekstri vegna erþörrar fjárhagsstöðu. Frá sama tíma tók

Kaupfélag Árnesinga á leigu húseignir Kaupfélags Skaftfellinga og hóf verslunarrekstur með svipuðu sniði og verið hafði fram til þess tíma. Vorið 1989 tókust nauðasamningar milli Kaupfélags Skaftfellinga og viðkomandi lánardrottna, og er í framhaldi af því stefnt að sameiningu kaupfélaganna tveggja ásamt Kaupfélagi Vestmannaeyja.

Eins og víðar á landinu er töluvert um að íbúar svæðisins sækji verslun á höfuðborgarsvæðið. Að þeirri verslun frátalinni má heita að íbúar Kirkjubæjar-, Hörgslands- og Leiðvallarhreppa sækji alla verslun á Klaustur. Verslun íbúa í Skaftártungu og Álftayeri skiptist hins vegar á Kirkjubæjarklaustur og Vík í Mýrdal. Auk útibús frá Kaupfélagi Árnesinga er verslunarrekstur í Vík á vegum nýstofnaðs fyrirtækis heimamanna.

Yþr sumarmánuðina er verulegur hluti verslunar á Klaustri í tengslum við umferð ferðamanna sem dvelja á svæðinu í lengri eða skemmri tíma.

Starfsemi Kaupfélags Árnesinga á Klaustri fer fram í nýlegu 700 m² verslunarhúsi og í gömlu 200 m² pakkhúsi, auk 150 m² söluskála, sem er í eigu olíufélaganna. Vöruflutningar fara allir fram með flutningabílum sem gerðir eru út frá Vík í Mýrdal.

Fjöldi starfsmanna í verslun og pakkhúsi á Kirkjubæjarklaustri er mjög breytilegur eftir árstímum. Yþr veturinn eru að lágmarki 5 störf, en meira kringum jól og páska. Yþr sumarið (júní - ágúst) eru störf á bilinu 10 - 12. Eitt starf er að jafnaði við ræstingu. Í söluskála, sem jafnframt er bensínafgreiðsla, starfa að lágmarki 2 yfir veturinn og þeir um jól og páska. Yþr sumarið fjölgar starfsmönnum hins vegar í 6. Algengast er að sumarstörf séu mönnum af skólafólki með lögheimili á svæðinu. Allir vöruflutningar á vegum félagsins eru framkvæmdir af starfsmönnum þess búsettum í Vík í Mýrdal. Mest öll bókhaldsvinna svo og yfirstjórn fer fram á Selfossi.

Vegna óvissu um fyrirkomulag verslunarinnar á svæðinu er ekki að hafa áætlanir til næstu ára, en ólíklegt er að til mikilvægra breytinga komi. Athuga þyrfti grundvöll fyrir útgerð heimaaðila til vöruflutninga fyrir verslunina svo og mögulega bókhaldsþjónustu sem tengd er verslunarrekstrinum.

Helstu heimildir:

Munnlegar upplýsingar frá Einari Valdimarssyni útibússtjóra á Klaustri.

Bankastarfsemi

Tveir afgreiðslustaðir banka eru á Kirkjubæjarklaustri, hvorir tveggja deildir í bankaútibúum í Vík í Mýrdal. Afgreiðsla Samvinnubankans er í eigin húsnæði, sem er sambyggt verslunarhúsi Kaupfélags Skaftfellinga. Afgreiðsla Búnaðarbankans starfar í sömu byggingu, en leigir húsnæðið af Kaupfélagi Skaftfellinga. Samanlagt eru unnin rúmlega 3 ársverk í bankaþjónustu hjá báðum stofnunum. Yþrstjórn og verulegur hluti gagnavinnslu vegna viðskipta við afgreiðslustaðina er unnin í Vík í Mýrdal.

Ýmis starfsemi

Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum á núverandi fyrirkomulagi bankaþjónustu á næstu árum.

Helstu heimildir:

Munnlegar upplýsingar frá útibússtjórum viðkomandi bankastofnana í Vík í Mýrdal (Karl Loftsson, Björn H. Sigurjónsson).

Byggingarstarfsemi

Frá árinu 1976 hefur hlutafélagið Hagur verið starfrækt á Kirkjubæjarklaustri. Félagið rekur trésmíðaverkstæði, en sinnir jafnframt húsbyggingum svo og allri almennri þjónustu tengdri byggingariðnaði. Þjónustuvæðið er fyrst og fremst á milli Mýrdalssands og Skeiðarársands, en undanfarin ár hefur fyrirtækið jafnframt sinnt talsverðum verkefnum í Örafum.

Fyrirtækið hefur aðsetur í eigin húsnaði (um 130 m^2) og hefur nýlega byggt geymsluport (um 130 m^2) sem breyta má í húsnaði ef ástæða þykir til.

Fastir starfsmenn hafa oftast verið 5, en fjöldi lausráðinna starfsmanna ræðst af verkefnum og hefur verið mjög árstíðabundinn. Til dæmis voru 12 manns á launaskrá mánuðina júní til ágúst árið 1988.

Forsvarsmenn fyrirtækisins hafa undanfarin ár kannað nokkra möguleika til aukningar á starfsemi, einkum með einhvers konar framleiðslu í huga, þar sem núverandi starfsemi getur ekki staðið undir frekari uppbyggingu. Fyrirtækið hefur smíðað nokkur sumarhús eftir pöntun undanfarin ár og gefur vaxandi eftirspurn eftir slíkum húsum vissar vonir um möguleika á þessu sviði.

Ástæða væri til þess að athuga hvort smíði á stöðluðum sumarhúsum, jafnvel frágengnum á sérstaklega skipulögðum leigulóðum, sé líkleg til þess að verða arðbær.

Helstu heimildir:

Munnlegar upplýsingar frá Oddi Eggertssyni framkvæmdastjóra Klaustri.

Bifreiða- og búvélaviðgerðir

Bifreiðaverkstæði í einkaeigu hefur verið starfandi á Kirkjubæjarklaustri frá árinu 1977. Verkstæðið sinnir aðallega almennum bifreiðaviðgerðum, smurþjónustu, dekkjaviðgerðum, minni háttar „boddíviðgerðum“ og sprautun, ásamt dekkja- og varahlutasölu.

Yþr vetrarmánuðina byggjast viðskiptin að mestu leyti á heimamönnum, sem þestir koma úr nærliggjandi hreppum, þ.e. Kirkjubæjar-, Hörgslands- og Leiðvallarhreppum.

Skaftártungumenn og Álftveringar sækja þessa þjónustu að hluta á Klaustur, en einnig að hluta til Víkur í Mýrdal. Öræþngar nota þessa þjónustu að nokkru leyti. Yþr sumarið eru þestir viðskiptavinirnir ferðamenn, einkum á tímabilinu frá miðjum júní og fram í miðjan ágúst.

Undanfarin ár hafa fastir starfsmenn verkstæðisins verið tveir.

Ekki eru fyrirhugaðar verulegar breytingar á rekstrinum á næstu árum, að því undanskildu að til stendur að bæta sprautunaraðstöðu. Hugsanleg aukning í sprautunarvinnu er ekki talin hafa í för með sér fjölgun starfsmanna, þar sem vænta má samdráttar í almennum viðgerðum samfara batnandi vegakerþ svo og þar sem sífellt minna er af gömlum bílum í umferð.

Viðgerðir á búvélum fara að mestu fram úti í sveitunum, ýmist hjá bændum sjálfum eða hjá sérstökum hagleiksmönnum í þeirra stétt. Aðeins lítill hluti þessara viðgerða fer fram á bifreiðaverkstæðinu á Kirkjubæjarklaustri.

Helstu heimildir:

Munnlegar upplýsingar frá Gunnari Valdimarssyni á Klaustri.

Iðnaður

Nær enginn hefðbundinn framleiðsluiðnaður hefur náð að festa varanlegar rætur á Kirkjubæjarklaustri. Ástæða þess er erþöð samkeppnisstaða, sem einkum stafar af miklum kostnaði vegna aðdrátta og flutninga afurða til markaðssvæða, svo og háu verði á raforku og síma.

Steyppustöð sem framleiddi rör, hellur og skyldan varning starfaði á Klaustri á árunum 1977 - 1979 og veitti 2 - 5 mönnum vinnu. Nær allar vélar og tæki stöðvarinnar hafa nú verið seld burtu, en húsnæðið, um 360 m² iðnaðarhúsnæði, hefur að mestu staðið ónotað síðan starfsemi stöðvarinnar hætti.

Saumastofa starfaði með hléum á Klaustri á árunum 1980 -1985 og veitti allt að 8 manns vinnu þegar best lét. Saumastofan varð gjaldþrota samhliða þrjónastofunni Kötlu í Vík. Allur búnaður stofunnar hefur verið seldur úr byggðarlaginu og hafa ekki verið gerðar tilraunir til að endurreisa starfsemi hennar.

Eins og áður getur er sláturhús á vegum Sláturfélags Suðurlands á Klaustri. Aðeins einn maður er í föstu starf allt árið, en árið 1988 voru alls unnin 15 ársverk við sláturhúsið, þar af tæp 11 við sauðfjárslátrun. 70 - 75 manns unnu að staðaldri í húsinu í sláturtíðinni, en hún stóð í 35 daga. Alls komust 109 manns á launaskrá hjá fyrirtækinu á árinu og er þá ótalin vinna verktaka, s.s. flutningsaðila vegna sláturgripa og annarra innanhéraðs verktaka.

Nær allar afurðir frumframleiðslu sem til falla á svæðinu (mjólk og kjöt) eru fluttar burt óunnar til úrvinnslu annars staðar. Þrátt fyrir mikinn áhuga heimamanna á undanförunum árum á að komið verði á fót einhvers konar úrvinnslu sláturafurða hjá Sláturfélagi Suðurlands á Klaustri, hefur hugmyndin ekki fengið góðar undirtektir hjá forsvarsmönnum félagsins. Tilkoma úrvinnslu af þessu tagi mundi styrkja mjög atvinnulíf svæðisins.

Ýmis starfsemi

Tilkoma einhvers framleiðsluiðnaðar á Klaustri væri mjög æskileg og myndi auka fjölbreytni atvinnulífsins, auk viðeigandi aðeiddrar vinnu. Hvort tveggja væri líklegt til að eyða viðvarandi atvinnuleysi sem verið hefur, einkum í Kirkjubæjarhreppi, á undanförunum árum, auk þess að skapa forsendur fyrir aukinni uppbyggingu.

Algjör forsenda þess að hefðbundinn framleiðsluiðnaður geti átt vaxtarmöguleika er lagfæring á almennum rekstrarskilyrðum fyrirtækja á svæðinu. Ber þar hæst bættar samgöngur og lækkun raforkuverðs. Án bættra rekstrarskilyrða á svæðið mjög takmarkaða möguleika til uppbyggingar framleiðsluiðnaðar í stöðugt harðnandi samkeppni á þestum sviðum.

Helstu heimildir:

Skriflegar upplýsingar frá Sláturfélagi Suðurlands.

Munnlegar upplýsingar frá fyrrverandi forráðamönnum Steins hf. og Kleifa hf.

Vélaútgærð

Af fjórum vörubílstjórum á svæðinu eru tveir á Klaustri, einn í Hörgslandshreppi og einn í Meðallandi. Bílstjórnarnir eru aðilar að vörubílstjórafélagi sem hefur alla V-Skaftafellssýslu sem félags- og vinnusvæði. Gróþega áætlað er vinna vörubílstjóranna 80% við vegagerð, en 20% þjónusta við bændur (fjárflutningar, áburðarflutningar o.þ.). Vinna liggur að miklu leyti niðri yfir vetrarmánuðina og stunda allir bílstjórnarnir þá einhverja tilfallandi vinnu ef hún býðst.

Þrír aðilar, þar af tveir áður nefndra vörubílstjóra, eiga traktorsgröfur, en enginn hefur af því nema mjög takmarkaða atvinnu.

Framræsla með beltagröfum og þagvinna með jarðýtum, svo og önnur jarðýtuvinna, hefur fram til þessa verið unnin á vegum ræktunarsambands, sem búnaðarfélög svæðisins ásamt þeim voru aðilar að. Vorið 1989 var þeirri starfsemi hætt og vélar og tæki seld einkaaðila í Vík í Mýrdal.

Athuga þyrfti hvort grundvöllur sé fyrir verktakastarfsemi í smáum stíl á svæðinu.

Helstu heimildir:

Munnlegar upplýsingar frá Birgi Jónssyni á Klaustri og þeimur.

Önnur starfsemi

Rafvirki, búsettur í Hörgslandshreppi, þjónar að mestu öllu svæðinu með nýlagnir og alhliða viðgerðarþjónustu í faginu. Um fullt starf er að ræða.

Hárgreiðslumeistari er á Kirkjubæjarklaustri og veitir þjónustu í sínu fagi í heimahúsi, og samsvarar sú starfsemi um ¹/₂ ársverki.

64 Vestur-Skaftafellssýsla austan Mýrdalssands

Sólbaðstofa var sett upp í kjallara félagsheimilisins á Klaustri fyrir nokkrum árum og var til skamms tíma reglulega opin almenningi. Undanfarið hefur ekki verið um reglulega opnunartíma að ræða en öll tæki stofunnar eru á sínum stað og því hægt að hefja rekstur fyrirvaralítið.

Nokkrar húsmæður í Skaftártungu hafa tekið þéttbýlisbörn til sumardvalar á vegum Félags fósturmæðra á Suðurlandi. Ástæða er til að gefa þessari starfsemi betri gaum og jafnvel athuga grundvöll fyrir rekstri sérstaks sumardvalarheimilis.

Utanaðkomin þjónusta

Austurleið hf. sér um áætlunarferðir á leiðinni Reykjavík - Höfn í Hornaþröi þrisvar í viku allt árið um kring, og daglega yfir sumartímann. Yfir sumartímann eru jafnframt áætlunarferðir Reykjavík - Klaustur um Fjallabaksleið. Þá eru fyrirhugaðar daglegar ferðir á vegum fyrirtækisins frá Klaustri inn í Laka yfir hásumarið, en tilraun var gerð með slíkar ferðir sumarið 1988.

Í þjótu bragði virðist að vel gæti farið á því að heimaaðilar, sem sinna skólaakstri á veturna, sinntu ferðum á borð við Lakaferðir yfir sumarið.

Öll ráðgjafþjónusta við landbúnaðinn er veitt af mönnum staðsettum utan héraðsins.

1988 var auglýst eftir ráðunaut í $1/2$ starf með aðsetur á svæðinu og jafnframt boðið $1/2$ starf við sæðingar. Enginn með tilskilin réttindi sótti um stöðurnar, en héraðsdýralæknir svæðisins tók að sér sæðingarnar. Ráðunautsstöðugildið var nýtt í höfuðstöðvum Búnaðarsambandsins á Selfossi með bráðabirgðaráðningu. Fylgja þarf eftir að þetta mál verði tekið upp að nýju.

Öll vinna við mjólkurflutninga (2 störf) er framkvæmd af starfsmönnum Mjólkurbús Flóamanna með aðsetur í Vík í Mýrdal.

Ýmis starfsemi - niðurstöður

Rík ástæða er til að ætla að umtalsverð aukning geti orðið í ferðamannaþjónustu á svæðinu á næstu árum. Sú aukning verður hins vegar ekki nema að því verði sérstaklega unnið með bættri aðstöðu til móttöku ferðamanna og auknum afþreyingarmöguleikum á svæðinu. Í þessum efnum verða heimamenn að hafa forgöngu, en ætla verður að stuðnings sé að vænta frá opinberum aðilum, þar sem hér væri verið að leggja grunn að vænlegri atvinnugrein.

Á annari þjónustu, sem fyrir er á staðnum, eru ekki fyrirsjáanlegar breytingar á næstu árum, en hugsanlegt er að færa nokkur þjónustustörf inn á svæðið sem nú eru unnin annars staðar frá.

Ýmis starfsemi

Uppbygging hefðbundins iðnaðar er ólíkleg á næstu árum nema til komi verulegar lagfæringar á samkeppnisstöðu svæðisins með bættum samgöngum, lækkuðu raforkuverði o.þ.

8 ORKUMÁL

Jarðhiti

Ekki er vitað til að jarðhiti haþ neins staðar verið nýttur á svæðinu, nema í Laugargili hjá Hvammi í Skaftártungu, en þar voru tvær smálindir nytjaðar til sundlaugar til skamms tíma. Hitastig vatnsins í Laugargili er um 20°C, en rennsli einungis um eða innan við 0,5 l/s.

Vitað er um jarðhita í yfirborði á nokkrum stöðum öðrum. Á vesturbakka Tunguþjóts hjá Snæbýli í Skaftártungu er rúmlega 20°C heit lind með rennsli um 1 l/s. Volgra kvað vera í landi Búlands, skammt norðan Laugargils, sem áður er getið. Hiti í Strútslaug við Torfajökul hefur mælst 67°C, en rennsli þar er áætlað 8 l/s. Við Drykkjarstein hjá Eintúnahálsi í Kirkjubæjarhreppi er lind sem mælst hefur um 15°C, en áætlað rennsli um 1 l/s. Ofan byggðar í Fljótshverf hafa allvíða fundist heitar lindir. Vitað er um jarðhitavott á nokkrum stöðum í landi Núpsstaðar í Fljótshverf, t.d. við Mið-Bergvatnsá, á Hvítárholtum og í Græna fjalli. Í Heitulækjum innarlega á Kálfafellsheiði hefur hitastig mælst 28,5°C, en samanlagt rennsli að minnsta kosti 2-3 l/s. Í Smágili við Brattháls koma fram nokkrar smálindir og hefur hitastig þar mælst 10-12°C.

Eftir því sem best er vitað, er ofanskráð upptalning nokkuð tæmandi og því ljóst að jarðhiti á yfirborði er hvergi mikill á svæðinu.

Nokkrar athuganir hafa verið gerðar á jarðhita í djúpum jarðar á svæðinu. Fyrir allmörgum árum voru boraðar grunnar rannsóknarholur hjá Svínadal í Skaftártungu og hjá Prestbakka á Síðu. Árið 1987 voru gerðar grunnrannsóknir á jarðhita á vegum Orkustofnunar á völdum stöðum í Skaftártungu og á Síðuheidum í tengslum við sérstakt þskeldisverkefni stofnunarinnar. Gerðar voru jarðviðnámsmælingar og boraðar 6 holur, um 60 m djúpar, til könnunar á jarðhitastöðum og á svæðisbundnum hitastigli. Tvær holur voru boraðar í Kirkjubæjarhreppi, við Eintúnaháls og hjá Hunkubökkum, en 4 í Skaftártungu, við Hemru, Hvamm, Búland og Snæbýli.

Lokaskýrsla um rannsóknirnar liggur enn ekki fyrir, en ljóst er að heitt vatnskerp í Skaftártungu og á Síðu- og Fljótshverfsheiðum hefur verið staðfest. Telja má líklegt að jarðhiti þnnist í jörðu á svæðum í nánd við jarðhitastaði á yfirborði. Þessi svæði virðast tengd ríkjandi sprungukerfum á svæðunum. Almennur hitastigull svæðisins er sennilega um eða yfir 50°C/km og berg almennt þétt og lítið vatnsgæft. Á jarðhitasvæðunum er hitastigullinn ívið hærri, en þó líklega undir 100°C/km.

Af niðurstöðum að dæma eru ekki miklar líkur á öflun heits vatns í stórum stíl með borunum, en talið er nauðsynlegt, samhliða frekari undirbúningsrannsóknum, að bora 500-1000 m djúpa holu, t.d. í Skaftártungu, til að skera að sinni úr um aþ og ástand jarðhitans á svæðinu.

Orkumál

Með því móti er talið að fá megi marktæk svör um möguleika á hagkvæmri öflun jarðhita á svæðinu.

Með tilliti til þess hversu nýtingarmöguleikar jarðhita geta skipt sköpum fyrir hvert byggðarlag er nauðsynlegt að skera endanlega úr um nýtingarmöguleika jarðhita á svæðinu, þrátt fyrir blendnar vonir um hagstæða niðurstöðu.

Tvö háhitasvæði eru við útjaðra svæðisins, Grímsvötn í Vatnajökli og Torfajökulssvæðið á mörkum afrétta Landmanna og Skaftártungumanna. Nýtingarmöguleikar þessara svæða kunna í þjótu bragði að virðast fjarlægir, en í heimi sívaxandi orkuþarfar er sjálfsagt að hafa vakandi auga fyrir þessum möguleikum, enda um tvö af öflugustu háhitasvæðum landsins að ræða.

Torfajökulssvæðið er talið öflugasta háhitasvæði landsins, sem aðgengilegt er til virkjunar. Jarðhiti er mikill á yfirborði og ummyndun mjög víða. Svæðið er stærsta líparítségvæði á landinu og jafnframt stærsta jarðhitasvæðið að þatarmáli. Jarðfræði- og jarðhitarannsóknir á svæðinu eru fremur skammt á veg komnar, enda er svæðið ekki fremst í forgangsrið háhitasvæða til rannsókna, meðal annars vegna legu (600-1100 m y.s.) og fjarlægðar til líklegustu markaðssvæða.

Ljóst er að mörg ár munu líða áður en til verulegrar nýtingar nálæggra háhitasvæða kemur, svo sem bygging jarðhitaorkuvera. Engu að síður þurfa menn strax að gera sér grein fyrir því að einhvern tíma í framtíðinni geta háhitasvæði, einkum Torfajökulssvæðið, skipt máli varðandi byggðaþróun á svæðinu. Geta má þess að stysta fjarlægð úr byggð í Skaftártungu að Strútslaug, sem áður er getið og tilheyrir Torfajökulssvæðinu, er einungis rétt rúmir 20 km. Nálægð við virka gosbeltið getur með tækniþróun, t.d. í flutningi á heitu vatni lengri leiðir, skapað svæðinu vaxtarmöguleika í einhverri framtíð. Því er ástæða til að ýta á eftir og fylgjast vel með framgangi rannsókna á þessu sviði.

Helstu heimildir:

Ýmsar skýrslur Orkustofnunar um rannsóknir á svæðinu.

Vatnsaþ

Allt frá því árið 1913 hafa verið reistar litlar vatnsaþsvirkjanir til heimilisnota víða á svæðinu, einkum undir fjallsbrúnum. Til samans hafa frá upphaf verið reistar virkjanir á 50 jörðum og 21 heimilisrafstöð er starfrækt á jafn mörgum jörðum, með samtals uppsett aþ 358,5 kW. Stærsta virkjunin er á Kirkjubæjarklaustri 110 kW, en aðrar virkjanir eru með uppsett aþ á bilinu 3 - 42 kW.

Þestar af aþögðu heimarafstöðvunum voru lagðar niður með tilkomu samveiturfagns um og upp úr 1970, meðal annars vegna reglna sem takmörkuðu notkun þess samhliða samveiturfagni. Síðan þá hafa þessar reglur verið rýmkaðar. Með hækkandi raforkuverði hafa margar af þeim stöðvum, sem enn eru í gangi, reynst hin bestu búdrýgindi.

Með nokkrum tilkostnaði mætti án efa endurbyggja margar af gömlu heimilisrafstöðunum, en jafnframt eru nýir virkjanakostir allvíða líklegir. Ástæða væri til að kanna sérstaklega fjárhagslegan grundvöll slíkra framkvæmda.

Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun er nýtanlegt vatnsaþ á öllu svæðinu samtals gróþega metið um 9000 GWh/a. Þar af er áætlað að hagkvæmt sé að virkja um 5000 GWh/a.

Á undanförunum árum hafa nokkrar virkjanahugmyndir á svæðinu verið til athugunar og hafa þessar þeirra tengst Skaftá með einhverjum hætti. Meðal annars hefur verið athugaður sá möguleiki að veita Skaftá vestur í Tungná og nýta Langasjó sem miðlun og auka þannig vinnslugetu þjórsárvirkjana. Jafnframt hafa verið kannaðir möguleikar á virkjunum vatnsfalla í eigin farvegum, en í öllum tilvikum er um ónákvæmar frumathuganir að ræða, enda skortir enn öll nauðsynleg frumgögn til góðrar áætlanagerðar, svo sem nægilega ítarleg kort, rennismælingar og nánari yfirlitskönnun á jarðlagaskipan. Samkvæmt upplýsingum starfsmanna Orkustofnunar er þetta eina svæðið á landinu þar sem verulegt vatnsaþ er til staðar, en skortur á ítarlegum grunnkortum stendur í vegi fyrir raunhæfri áætlanagerð.

Stærstu virkjanahugmyndir á svæðinu gera ráð fyrir virkjun Skaftár og Hverþsþjóts saman, þar sem nýta mætti allt að 2,5 TWh/a (285 MW) í einu orkuveri. Er þá gert ráð fyrir að nýta Langasjó sem aðalmiðlun og veita Skaftá frá hugsanlegu miðlunarlóni við vestustu upptakakvísl Skaftár, þar sem Útfallið rennur í hana, til austurs, á vatnasvæði Hverþsþjóts. Hverþsþjót yrði síðan stípað við Fremri-Eyrrar og veitt um Laufbalavatn og Kriuvötn suður í drög Geirlandsár. Frá enda veitulejðar er hugsað að virkja rúmlega 450 m fallhæð niður í Geirlandsá við Mörtungu á Síðu. Ýmsir aðrir möguleikar á virkjun Skaftár og Fljótshverþsvatna eru taldir koma til greina.

Einn af athyglisverðum virkjanakostum á svæðinu er virkjun Hólmsár niður í farveg Tunguþjóts. Eins og annars staðar eru undirbúningsrannsóknir mjög skammt á veg komnar, en talið er að meðalrennsli hennar sé um eða yfir $20 \text{ m}^3/\text{s}$ og að ná megi allt að 400 m virkjanlegu falli í þrepum. Með þessu yrði rennslisorka virkjaðs vatns allt að 700 GWh/a (140 MW). Auk þessa er hugsanleg virkjun á lindavatni Skaftár í niður farveg Tunguþjóts, með allt að 1000 GWh/a rennslisorku.

Hugsanlegt er talið (Birgir Jónsson 1987) að virkjun á svæðinu geti orðið á dagskrá laust eftir næstu aldamót, en vegna skorts á gögnum um forsendur eru allar áætlanir í þessum efnunum erfiðar.

Næsta víst er að í framtíðinni kemur til virkjunar á einhverju af því mikla vatnsaþi, sem til staðar er á svæðinu, þó að erþtt sé að giska á innan hvaða tímamarka það muni verða. Ástæða er til að stuðla að sem mestri upplýsingaöflun um alla þætti er þetta varðar, svo menn geti í tíma gert sér grein fyrir áhrifum hugsanlegra virkjana á byggðapröun.

Helstu heimildir:

Ýmsar skýrslur Orkustofnunar og þeiri um rannsóknir á svæðinu.

9 HAGNÝT JARÐEFNI

Ekki hefur verið um neina nýtingu jarðefna að ræða ef undan er skilin efnistaka vegna byggingarframkvæmda og vegagerðar.

Á áttunda áratugnum fóru fram umfangsmiklar athuganir á möguleikum til útflutnings á Kötluvíkri af Mýrdalssandi. Samkvæmt niðurstöðum þeirra athugana eru um 300 milljónir m³ af nýtanlegum víkri af meðalgæðum á Mýrdalssandi. Hagkvæmnisathugun leiddi hins vegar í ljós að útflutningur vikursins væri óraunhæfur, einkum vegna mikils flutningskostnaðar.

Að öðru leyti hafa ekki verið gerðar miklar rannsóknir á svæðinu með tilliti til hagnýtra jarðefna. Með hliðsjón af nálægð virkra eldstöðva er ástæða til að stuðla að athugunum á þessu sviði.

Helstu heimildir:

Skýrslur frá Jarðefnarannsóknnum hf. og gosefnanefnd iðnaðarráðuneytisins um vikurnámsmöguleika á Mýrdalssandi.

10 SAMGÖNGUR

Samgöngur á svæðinu hafa alla tíð verið mjög erfiðar og staðið byggðapróun verulega fyrir þrifum. Jafnvel enn í dag eru samgöngumálin sá þáttur sem mestu ræður um erfiða samkeppnisstöðu svæðisins, samanborið við mörg önnur byggðarlög.


Samgöngur eru nær eingöngu bundnar við vegakerþð, þar sem engin höfn er, og lendingaraðstaða flugvéla mjög bágborin. Ef miðað er við Klaustur er næsta höfn og áætlanafflugvöllur á Höfn í Hornaþrði í rúmlega 200 km fjarlægð til austurs. Nær öll viðskipti er þetta varðar fara hins vegar um Reykjavík, sem er í rúmlega 270 km fjarlægð til vesturs. Ekkert byggðarlag á landinu býr við ámóta skilyrði í þessum efnum.

Varanlegri uppbyggingu vegakerþsins hefur miðað fremur hægt, miðað við aðra hluta kjördæmisins. Líklegt má telja að í þessu efni haþ svæðið gólið vegna stöðu sinnar sem austurjaðar kjördæmisins.

Þjóðvegur nr. 1 (stofnbraut) liggur gegnum svæðið frá austri til vesturs og eru um 100 km hans innan þess (mynd 22). Þar af er lokið varanlegri uppbyggingu með fullri slitlagsbreidd á um 13 km, en 4 m slitlag hefur verið lagt á um 60 km. Allar framkvæmdir við lagningu 4 m slitlagsins hafa verið kostaðar af viðhaldsfé, þannig að ljóst má vera að svæðið hefur verið mjög afskipt um fjárveitingu til stofnbrauta.

Um áratuga skeið hefur verið rædd nauðsyn þess að byggja brú yfir Kúðapjót. Sú framkvæmd er ekki á núgildandi langtímaáætlun Vegagerðar ríkisins, en rætt hefur verið um árin 1993-1994 sem hugsanlegan framkvæmdatíma. Samkvæmt frumáætlun um staðsetningu brúarinnar (sjá mynd 22) myndi þjóðvegur nr. 1 stytast um tæpa 7 km, auk þess að leysa af hólmi vegarhluta, sem iðulega hefur reynst snjóflungur og með aurbleytuvandamál að vori. Brúin kemur einnig til með að tengja byggðir svæðisins betur saman. Út frá þessu sjónarmiði væri betra að hafa brúarstæðið sunnar, jafnvel beint til norðausturs af Skálmarbrú, en tengja nýja veginn eftir sem áður við þann gamla skammt austan við Eldvatnsbrú hjá Ásum í Skaftártungu. Með því móti væri komin mjög góð vegtenging milli Álftavers, Skaftártungu og Meðallands, en jafnframt sá kostur að beina umferð af þjóðvegi nr. 1 á Meðallandsveg þegar snjóþynsli eru á veginum í Eldhrauni.

Vegakerþ



Af öðrum nauðsynlegum vegaf framkvæmdum innan svæðisins á þjóðvegi nr. 1 er uppbygging um 6 km vegarkapa frá Klaustri til vesturs og um 7 km kapa frá Alftaversaþeggjara austur að væntanlegum vegi að fyrirhugaðri Kúðaþjótsbrú miðað við brúarstæði sem frumáætlanir gera nú ráð fyrir.

Af fyrirsjáanlegum vegabótum á þjóðvegi nr. 1 um Suðurland er fyrst að nefna byggingu nýrrar brúar yfir Múlakvísl á vestanverðum Mýrdalssandi sem fyrirhuguð er árin 1989 - 1990. Aætluð er bygging nýrrar brúar yfir Markarþjót sem stytta mun leiðina um rúma 5 km. Samkvæmt langtímaáætlun Vegagerðar ríkisins er sú framkvæmd áætluð árin 1991-1992. Þá er ólokið varanlegri vegagerð um Reynisfjall vestan Víkur í Mýrdal.

Bygging Kúðaþjótsbrúar þokkast sem stórframkvæmd í vegamálum Suðurlandskjördæmis og hefur verið sett á eftir Markarþjótsbrú í forgangs röð. Eins og fram kemur hér að framan mun Kúðaþjótsbrú stytta þjóðveg nr. 1 öllu meira en ný Markarþjótsbrú, en vegna meiri umferðar um Markarþjótsbrú kemur hún betur út í arðsemisútreikningi. Hins vegar mun Kúðaþjótsbrú leysa mun meiri samgönguþöðleika og koma að meira gagni fyrir byggðir austan Mýrdalssands, allt austur á Firði. Út frá byggðasjónarmiðum verður því að líta á Kúðaþjótsbrú sem meira aðkallandi framkvæmd.

Að loknum ofantöldum framkvæmdum í vegamálum munu öll skilyrði byggðapróunar á svæðinu batna verulega og er óvíst að annar opinber stuðningur við byggð á svæðinu verði áhrifaríkari en að þýta þessum framkvæmdum svo sem auðið er.

Ástand þjóðbrauta á svæðinu verður að teljast fremur bágborið. Ekkert bundið slitlag hefur verið lagt á þessa vegi, sem víða eru mjóir og leiðir yfirferðar. Svo virðist sem viðhald þeirra hafi verið í algjöru lágmarki undanfarin ár, sem ef til vill stafar af tilhneigingu til að nýta viðhaldsfé til lagningar á bundnu slitlagi á stofnbrautum. Slík tilfærsla fjármagns hefur sínar góðu hliðar en einnig takmörk. Ástand ákveðinna vegakapa á svæðinu bendir til þess að of langt hafi verið gengið í þessum efnum á undanföllum árum.

Heildarvegalengd þjóðbrauta á svæðinu er um 100 km. Mesta fjarlægð frá býli á varanlegt slitlag er nú um 42 km. Ef ná ætti því markmiði að hvergi væri lengra en 5 km frá byggðu bóli á svæðinu á varanlegt slitlag þyrfti að leggja á samtals um 60 km. Samsvarandi tala fyrir 10 km markið er tæpir 40 km. Verulegt átak í endurbótum á þjóðbrautum á svæðinu er forsenda áframhaldandi búsetu á jaðarsvæðum byggðarlagsins. Sem dæmi um gildi góðs vegasambands frá þéttbýliskjarna til nærliggjandi dreifbýlis má nefna að þestir dreifbýlisbúa, sem stunda reglulega vinnu á Klaustri, eru búsettir meðfram veginum til austurs frá Klaustri, en hann er eini vegurinn sem lagður er samfelldu bundnu slitlagi frá Klaustri.

Núgildandi snjómokstursreglur miðast við opnun vegarins milli Víkur og Klausturs tvo daga í viku, en í ráði mun að fjölga opnunardögum í þrjá haustið 1989. Vestan Víkur er opnað alla virka daga.

Af mörgum aðkallandi verkefnum í samgöngumálum svæðisins myndi bygging brúar yfir Kúðaþjót mestu breyta til batnaðar. Auk þess að stytta þjóðveg nr. 1 um tæpa 7 km og losa vegfarendur við einn helsta farartálma á allri suðurströndinni mun framkvæmdin auðvelda innbyrðis samskipti innan svæðis.

Samgöngur

Mjög knýjandi er að rýmka snjómokstursreglur þannig að leiðin milli Víkur og Klausturs verði opnuð alla virka daga og tryggja með því móti að íbúar Klausturs og nágrennis búi ekki við lakari samgöngutengsl en íbúar sambærilegra staða. Þá myndi regluleg opnun áleiðis helstu aðalvegi hverrar sveitar auka möguleika fólks úr dreifbýlinu til að stunda fasta atvinnu á Klaustri.

Helstu heimildir:

Skriflegar og munnlegar upplýsingar frá starfsmönnum Vegagerðar ríkisins.

11 LANDGRÆÐSLA

Fullyrða má að í fáum héruðum landsins hefur landgræðslustarf haft jafn afgerandi áhrif á byggðaðróun og á umræddu svæði. Allt frá árinu 1927 hafa uppblásturssvæði verið friðuð og að þeim hlynnt eftir efnun og ástæðum. Samtals hafa rúmir 27.000 ha. verið girtir af á svæðinu á samtals 16 stöðum. Þar sem uppgræðsla hefur heppnast vel, hefur afgirt land verið afhent eigendum til notkunar. Í dag eru afgirt svæði á vegum Landgræðslunnar á 8 stöðum og ná samtals yfir um 13.000 ha. lands.

Tvö stór landgræðsluverkefni eru að hefjast á svæðinu á vegum Landgræðslu ríkisins: Haðn er uppgræðsla meðfram nýlögðum vegi á Mýrdalssandi og verður því starf haldið áfram á næstu árum. Á árinu 1989 er fyrirhugað að girða víðáttumikið sandsvæði við Skaftárósa, svonefnda Máfabót, en þaðan er töluvert mikið sandfok á gróðu land nokkurra jarða í Landbroti og Meðallandi.

Almennt er ekki um veruleg atvinnutækifæri heimamanna að ræða í tengslum við landgræðslustörf, nema rétt á meðan girðingaframkvæmdir standa yfir svo og þegar sáning og áburðardreifing er ekki framkvæmd með flugvélum. Í annan tíma er einungis um að ræða eftirlit og viðhald með girðingum, sem í dag er álitid samsvara um 1 - 2 ársverkum á svæðinu.

Ástæða er til að athuga sérstaklega hvort ekki megi þessa leið til atvinnusköpunar fyrir heimamenn í tengslum við landgræðsluverkefni. Í því sambandi eru meðal annars mjög áhugaverðar hugmyndir manna hjá Landgræðslu ríkisins um að hvetja bændur til að hefja framleiðslu á fræi (lúpínufræi og ef til vill fræi af beringspuntsgrasi) til uppgræðslu. Talið er, að nýta megi sömu vélar til þessarar framleiðslu og notaðar eru til kornræktar. Fer þar einkar vel á, þar sem uppskerutími þessara tegunda skarast ekki.

Í Hörgslands-, Leiðvallar- og Álftavershreppum hefur landbrot af völdum fallvatna víða verið mjög mikið á undangengnum áratugum. Reynt hefur verið að spyrna við fótum með fyrirhleðslum ýmis konar, en fjármagn til þeirra hluta hefur verið mjög af skornum skammti. Á þessu sviði er mjög mikið starf óunnið, ef koma á í veg fyrir áframhaldandi jarðvegseyðingu af völdum landbrots. Helstu verkefni eru við Djúpa, Laxá, Hverþspjót, Hörgsá, Geirlandsá, Skaftá, Eldvatn hjá Ásum og Kúðaþjót.

Að mati starfsmanna Landgræðslu ríkisins, er gróður á láglendi umræddra hreppa víðast hvar í sókn. Mikil sjálfgræðsla hefur verið á undanförunum árum í Leiðvallarhreppi og einnig nokkur í Landbroti og Álftaveri. Hins vegar er mikil gróðureyðing í nokkrum heimalöndum í Skaftártungu. Á afréttum er víða um uppblástur að ræða og telja Landgræðslumenn að friða flurþ afrétti Álftveringa og Skaftártungumanna af þeim sökum. Afréttur Síðumanna og Fljótshverþnga er talinn í jafnvægi, að frátöldum innsta hluta afréttarins, þar sem gætir nokkurs uppblásturs.

Landgræðsla
Helstu heimildir:

Skriflegar og munnlegar heimildir frá Landgræðslu ríkisins (Sveinn Runólfsson o. þ.).

12 NÁTTÚRUVERNÐ

Samkvæmt náttúruminjaskrá 1988 eru fjögur svonefnd náttúruvætti á svæðinu (Dverghamrar, Kirkjugólf, Álftaversgígar og Lakagígar). Skráðar náttúruminjar eru 5 (Núpsstaðaskógar og Grænalón, Fjarðárgljúfur, Grenlækur, Steinsmýrarþóð og Eldgjá).

Engin bein starfsemi í tengslum við náttúruvernd er á svæðinu og er ekki fyrirhuguð að sinni. Þó hafa hugmyndir um að gera land Núpsstaðar í Fljótshverf að friðlandi eða þjóðgarði aðeins verið viðraðar.

Friðlýsing af hverju tagi er líkleg til að laða að ferðamenn og leggur því vissar skyldur á yfirvöld umhverfsmála að stuðla að lágmarks eftirliti viðkomandi staða. Fylgjast þarf vel með eftirlitsþörf á ofangreindum stöðum, einkum í Eldgjá, Lakagígum og Núpsstaðaskógum.

Helstu heimildir:

Náttúruminjaskrá 1988 og aðrar skriflegar og munnlegar upplýsingar frá Náttúruverndarráði.

13 ÝMISLEGT

Húsnæðismál

Samkvæmt fasteignamati 1988 voru samtals 233 íbúðir á svæðinu, þar af rúmlega helmingur byggðar eftir 1960. Ástand íbúðarhúsa á svæðinu er, með nokkrum undantekningum, mjög gott.

Ein af forsendum til vaxandi atvinnulífs er nægt framboð á íbúðar- og atvinnuhúsnæði í viðkomandi þéttbýliskjörnum. Hinn 1. desember 1988 voru samtals 43 íbúðir á Klaustri, þar af 30 í einbýlishúsum. Á undanförmum árum hefur verið tilþannanlegur skortur á leiguhúsnæði á Klaustri og yfirleitt hafa fundist kaupendur að húsum sem hafa verið til sölu.

Síðastliðin 6 ár hefur ekki verið hafin bygging á neinu nýju íbúðarhúsnæði á staðnum. Eitt 360 m² atvinnuhúsnæði hefur staðið nær ónotað á Klaustri síðastliðin 10 ár.

Bygging lítilla leiguíbúða á Klaustri, á félagslegum grunni, myndi auðvelda mjög hvers kyns atvinnuuppbyggingu á staðnum, þar sem gera má ráð fyrir að í þestum tilvikum flurþ aðkomufólk að koma til við slíka uppbyggingu. Athuga þarf hvort bygging á svonefndum búseturéttaríbúðum geti verið vænlegur kostur fyrir stað eins og Klaustur. Minni fjárhagsleg áhætta og auknar líkur á sölu í því fyrirkomulagi gæti örvað einstaklinga til að setjast að á staðnum.

Helstu heimildir:

Fasteignamat 1988.

Frumgögn vegna búrekstrarkönnunar Búnaðarfélags Íslands.

Félagsmál

Allmikil gróska er í ýmis konar félagsstarfsemi á svæðinu, einkum í kringum Kirkjubæjarklaustur. Mörg félaganna starfa á öllu svæðinu, en önnur starfa í einstökum hreppum eða á hluta svæðisins. Af starfandi félögum má nefna skógræktarfélag, slysavarnarfélag, björgunarsveitir, deild í Lion, Rauða-Kross deild, ungmennafélög, kvenfélög, kirkjukóra, stangveiðifélag, hestamannafélag, veiðifélög landeigenda, búnaðarfélag, sauðfjárræktarfélag, nautgriparæktarfélag, kornræktarfélag o.þ.

Hörgslands- og Kirkjubæjarhreppur standa saman að rekstri 630 m² félagsheimilis á Kirkjubæjarklaustri, en auk þess á Hörgslandshreppur lítið hús við Múlakot, sem notað er sem samkomustaður þegar við á. Í Skaftártungu er nýlegt 280 m² félagsheimili, en í Meðallandi og Álftaveri eru minni og eldri samkomuhús.

Helstu heimildir:

Ýmislegt

Munnlegar upplýsingar frá forráðamönnum félaga á svæðinu.

Sumarbyggð

Allmargir sumarbústaðir eru nú þegar á svæðinu og eru þestir þeirra í Kirkjubæjarhreppi samtals 32, en 20 í hinum hreppunum til samans, þar af 11 í Skaftártungu. Auk þess að skapa í mörgum tilvikum atvinnu við uppbyggingu eykur sumarbústaðabyggð þjónustubörf á svæðinu. Frekari uppbygging sumarbústaðabyggðar á svæðinu er því æskileg vegna atvinnu-uppbyggingar.

Gera má ráð fyrir vaxandi eftirspurn eftir aðstöðu fyrir sumarbústaði á svæðinu samfara batnandi samgöngum og þéttingu sumarbyggðar nær höfuðborgarsvæðinu. Nauðsynlegt er að skipuleggja fyrirfram þau svæði sem koma til greina fyrir sumarhúsabyggð.

Fjarvinnsla

Víða erlendis, en þó einkum á Norðurlöndunum, hefur rekstur svonefndra fjarvinnustofa náð töluverðri fótfestu, einkum í litlum afskekktum þéttbýliskjörnum. Rekstur fjarvinnustofa gengur út á ýmis konar gagnavinnslu með aðstoð nútíma fjarskiptatækni.

Á öðrum Norðurlöndum voru í árslok 1988 starfandi að minnsta kosti 20 fjarvinnustofur og í Svíþjóð einni þá áætlað að hefja rekstur á um 23 til viðbótar, vítt og breitt um landið. Meginmarkmið með uppbyggingu fjarvinnustofanna er eþing atvinnulífs í afskekktum byggðum og til þess nýttir stöðugt vaxandi möguleikar í fjarskiptatækni af ýmsu tagi.

Tilraunir með rekstur fjarvinnustofa og síðar skipuleg viðtæk uppbygging er dyggilega studd yfirvöldum viðkomandi landa, meðal annars með uppbyggingu viðeigandi fjarskiptakerfis og markvissri tilfærslu verkefna frá opinberum aðilum til fjarvinnustofa á landsbyggðinni. Starf þetta tengist sérstakri herferð í þágu landsbyggðar, sem gerð var á árunum 1987-1988 að tilstuðlan Evrópuráðsins í aðildarlöndum þess og víðar. Í ljósi ástands í byggðamálum á Íslandi sætir furðu að Ísland skuli ekki vera þátttakandi í slíku samstarfi.

Forsenda tilrauna með rekstur fjarvinnustofu á stað eins og Kirkjubæjarklaustri er að henni verði tryggð einhver föst verkefni frá opinberum aðilum. Kanna þarf hug ráðamanna til þeirra hluta og jafnframt hvers vegna íslensk stjórnvöld hafa ekki tekið þátt í áður nefndu samstarfi Evrópuþjóða.

Helstu heimildir:

Skriflegar og munnlegar upplýsingar frá Upplýsingarþjónustu Háskólans (Jón Erlendsson).

Landnýtingaráætlun

Árið 1984 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um landnýtingaráætlun fyrir allt landið. Sérstök nefnd skilaði skýrslu um málið árið 1986, þar sem lýst er stöðu landnýtingarmála og gefnar ábendingar um forsendur fyrir landnýtingaráætlun, en eiginleg áætlun um landnýtingu hefur enn ekki verið gerð.

Landnýtingaráætlun er forsenda skynsamlegrar uppbyggingar atvinnulífs til lengri tíma litið, ekki síst á svæði eins og hér er til umræðu þar sem landbúnaður er meginuppistaða atvinnulífs. Stuðla þarf að langtíma stefnumörkun í landbúnaði og byggðamálum, sem er forsenda raunhæfrar landnýtingaráætlunar.

Dragist landnýtingaráætlun fyrir landið allt úr hömlu, væri slík áætlun fyrir umrætt svæði æskileg.

Helstu heimildir:

Skýrsla nefndar á vegum landbúnaðarráðuneytisins um landnýtingaráætlun (maí 1986).

14 HELSTU NIÐURSTÖÐUR.

Án sérstakra aðgerða í atvinnumálum mun byggð á svæðinu dragast saman og íbúum þess halda áfram að fækka á næstu árum. Eftirfarandi er upptalning á aðgerðum sem líklegar eru til að snúa þeirri óheillaþróun við:

I. ALMENNAR TILLÖGUR

Forsenda eðlilegrar byggðapróunar á svæðinu er raunhæf lagfæring á almennum forsendum atvinnulífs:

1. Gert verði nú þegar stóráttak í samgöngumálum svæðisins. (Sjá nánar í kaþa um samgöngumál bls. 79-82.)
2. Raforkuverð verði lækkað og jafnað til samræmis við verðlagningu orku á þéttbýlissvæðum.
3. Verð fyrir símaþjónustu verði lækkað og jafnað á sama hátt og raforkuverð.
4. Lánafyrirgreiðslu til atvinnulífs verði þannig fyrir komið að fyrirtæki hafi á einhvern máta hag af staðsetningu utan þéttbýlla svæða.
5. Söluskattsálagningu og sambærilegri álagningu hins opinbera verði breytt þannig að hún leggist á ákveðinn grunn en ekki á alla verðmyndun á leið til endanlegs viðskiptavinar.

II. LANDBÚNAÐARMÁL

Enn um sinn mun landbúnaður verða meginundirstaða byggðar á svæðinu. Þrátt fyrir fyrirsjáanlegan samdrátt í hefðbundnum landbúnaði, einkum í sauðfjárrækt, verður að ætla að samdráttur á þessu svæði geti orðið minni en víða annars staðar vegna hagstæðra landbúnaðarskilyrða og takmarkaðra atvinnumöguleika á öðrum sviðum.

Þörf er á að reglur um fullvirðisrétt verði sveigjanlegri, þannig að möguleikar væru á að úthluta fullvirðisrétti þeirra sem hætta búskap til bænda með knappan fullvirðisrétt en hagstæð skilyrði að öðru leyti.

Taka þarf sérstaklega á vandamálum vegna ófullnægjandi haughúsa við fjós allvíða á svæðinu.

Helstu niðurstöður

Bændur með takmarkaðan fullvirðisrétt þurfa að vera opnari en verið hefur fyrir hugmyndum að aukabúgreinum samhliða hefðbundnu framleiðslunni. Vinna þarf markvisst að eþingu þeirra aukabúgreina sem vel henta á svæðinu, svo sem garðræktar, kornræktar, bleikjueldis, skógrækt o.þ. Tryggja þarf nauðsynlega ráðgjöf í viðkomandi greinum.

Ástæða er til þess að hvetja bændur með blönduð bú en vannýtt fjós að nýta sér reglugerðarákvæði sem heimila breytingu á fullvirðisrétti úr kindakjöti í mjólk.

III. NÝ ATVINNUUPPBÝGGING

Til framtíðar litið verður uppbygging atvinnulífs á svæðinu að byggjast á öðru en hinum hefðbundna landbúnaði. Vinna þarf skipulega að undirbúningi eþingar atvinnu er fyrst og fremst byggist á þeim möguleikum sem svæðið sjálft býður upp á. Í þeim tilvikum er eðlilegt að leitað verði eftir fjárhagslegri aðstoð opinberra aðila, þar sem um grunnvinnu til eþingar atvinnulífs er að ræða. Sem dæmi um slík verkefni má nefna eftirfarandi:

1. Sérstök úttekt á möguleikum svæðisins í málefnum ferðaþjónustu og mörkun framtíðarstefnu í þeim efnum (sjá bls. 59).
2. Teknar verði saman allar upplýsingar sem til eru um lífríki í vatnakerþ svæðisins og jafnframt framkvæmdar nauðsynlegar viðbótarrannsóknir og faglegt mat á möguleikum til þskræktar og þskeldis á svæðinu (sjá bls. 28-33).
3. Skorið verði endanlega úr um nýtingarmöguleikum á jarðhita á svæðinu og haldið áfram við jarðsjávarleit í Meðallandi og Álftaveri.
4. Séð verði til þess að svæðið standi jafnfætis öðrum vænlegum skógræktarsvæðum um styrkveitinga vegna nytjaskógræktar. Jafnframt verði gerðar tilraunir með nytjaskógrækt sem víðast á svæðinu (sjá bls. 27-28).
5. Athuga þarf grundvöll fyrir rekstri sameiginlegrar aðstöðu kornræktarbænda til að þurrka korn til markaðssetningar (sjá bls. 24-26).
6. Stuðlað verði að rannsóknum á jarðefnum svæðisins með tilliti til mögulegrar nýtingar.
7. Lögð verði áhersla á að flýta undirbúningsrannsóknum á möguleikum til vatnsaflsvirkjana og nýtingar háhitasvæða á afréttum svæðisins (sjá bls. 75).
8. Stuðlað verði að uppbyggingu skipulagðrar sumarbyggðar á svæðinu (sjá bls. 88 og 89).
9. Sérstök athugun verði gerð á grundvelli til rekstrar fjarvinnslu að erlendri fyrirmynd að Klaustri (sjá bls. 88).
10. Landgræðslustarf og landbrotsvarnir verði eþdar samhliða friðun á þeim afmörkuðu svæðum þar sem uppblástur, sandfok og ágangur fallvatna herjar (sjá bls. 83-84).

11. Gerð verði landnýtingaráætlun, ef ekki sem hluti af slíkri áætlun fyrir landið allt, þá sérstaklega fyrir umrætt svæði. Landnýtingaráætlun er nauðsynleg forsenda skynsamlegrar uppbyggingar atvinnulífs til lengri tíma litið (sjá bls. 89).

IV. ANNAD

Sem langtíma markmið þarf að stefna að því að færa rekstrarumsjón flestra atvinnugreina heim í hérað og þar með eyða þeim nýlendublæ sem einkennir atvinnulíf svæðisins í dag. Með þessu væri betur tryggt að allar ákvarðanir viðkomandi aðila verði teknar með hagsmuni byggðarlagsins í huga. Jafnframt þarf að athuga möguleika á tilfærslu einstakra þjónustu-starfa sem nú eru unnin annarsstaðar frá heim í hérað.

Gera þarf ráðstafanir til þess að á hverjum tíma sé með litlum fyrirvara framboð á íbúðar- og atvinnuhúsnæði á Klaustri (sjá bls. 87).

Athuga þarf sérstaklega möguleika á auknum samskiptum í menningar- og atvinnu við Höfn í Hornafirði og önnur nágrannabyggðarlög í austri. Slík sambönd væru líkleg til að draga úr þeim „jaðarbyggðáhrifum“ sem að nokkru standa byggðarlaginu fyrir þrifum.

Hefja þarf strax undirbúningsvinnu sem miðar að sameiningu sveitarfélaganna þrjú á svæðinu (sjá nánar kafla 6 bls.54).

V. TILLÖGUR UM EFTIRFYLGNI

Að lokinni nauðsynlegri kynningu skýrslunnar á viðeigandi vettvangi, er lagt til að sveitarstjórnarmenn og aðrir sem málið varðar, fjalli sérstaklega um hana og fram komnar tillögur. Í ljósi þeirrar umfjöllunar verði bætt við tillögurnar eða þeim breytt eftir því sem við á, en síðan raðað í eðlilega forgangsroð. Afrakstur þeirrar vinnu verði síðan grundvöllur að áætlun í atvinnumálum fyrir svæðið. Lagt er til að áætlunin miðist við fá og markviss verkefni.

Leitað verði stuðnings viðkomandi ráðamanna um framgang áætlunarinnar og sérstök nefnd með fulltrúum sveitarstjórna, Byggðastofnunar og ef til vill þeiri aðilum, verði skipuð til að tímasetja og fylgja eftir framkvæmd valinna tillagna.

Einu sinni á ári verði skipulega farið yfir stöðu mála, árangur metinn og tillögur og framkvæmdaáætlun þeirra endurskoðuð.

15 LOKAORÐ

Byggðarlagið hefur nokkra sérstöðu í ýmsu tilliti. Ekkert byggðarlag á landinu á eins langt að sækja til hafna og áætlanafflugvalla, en þrátt fyrir þetta hefur svæðið, sem jaðarbyggð í viðkomandi kjördæmi, orðið útundan í samgöngubótum á landi. Náttúrufarsleg skilyrði til landbúnaðar af ýmsu tagi eru með því besta sem gerist á landinu og góðar forsendur eru fyrir uppbyggingu ferðamannaþjónustu. Með viðeigandi samgöngubótum er hægt að stórbæta samkeppnisaðstöðu svæðisins í ýmsu atvinnulegu tilliti.

Almennar aðgerðir stjórnvalda í efnahagsmálum miðast sjaldnast við hagsmuni byggðarlaga eins og hér um ræðir. Því er réttlætanlegt að leggja til sérstakar ráðstafanir í byggðamálum af opinberri hálfu til þess að treysta grundvöll byggðar. Verði ekkert að gert, viðhelst staða van-máttugs atvinnulífs í jaðarbyggð, þrátt fyrir ýmsar forsendur til hins gagnstæða.